

Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030

1.-22. kafli
Meginforsendur og stefna

16.11.2010

Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030

Nóvember 2010

Sveitarfélagið Norðurþing

Ráðgjafarfyrtækið Alta

Gögn aðalskipulagsins

Aðalskipulag Norðurlþings 2010–2030 samanstendur af eftirtöldum gögnum:

1. Greinargerð sem er sett fram í þremur heftum:

1.-22. kafli: Meginforsendur og stefna

23. kafli: Skipulag dreifbýlis

24. kafli: Skipulag þéttbýlis

2. Skipulagsuppráttum sem eru:

Sveitarfélagsuppráttur í mkv. 1:100.000.

Þéttbýlisuppráttur fyrir Húsavík í mkv. 1:10.000.

Þéttbýlisuppráttur fyrir Kópasker í mkv. 1:10.000.

Þéttbýlisuppráttur fyrir Raufarhöfn í mkv. 1:10.000.

3. Viðauka 1 sem er umhverfisskýrsla sem lýsir forsendum og áhrifum tillögunnar.

4. Viðauka 2 sem inniheldur, heimildaskrá, ítarefni og yfirlit yfir skipulagsferlið.

Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulag Norðurlþings 2010–2030 sem fengið hefur meðferð skv. 17. – 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s. hefur var samþykkt af sveitarstjórn Norðurlþings þann 16. nóvember 2010.


NORÐURLÞING
Elin Agustmann

Aðalskipulag Norðurlþings 2010–2030 var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra sbr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga þann 3/12 2010.

Kjeldis Hafliðadóttir

Guðrún Halla Gunnarsd.

Aðalskipulag Norðurlþings 2010–2030 var staðfest af umhverfisráðherra sbr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga þann 22. Desember 2010.

J. h. d.
Dagnýs Jóhannsdóttir
Ín's Þrangmúndsd.

Efnisyfirlit


1	Hlutverk og áherslur aðalskipulags Norðurlands	2
1.1	Mótun umgjörðar um daglegt líf.....	2
1.2	Áherslur aðalskipulagsvinnunnar	2
1.3	Skipulagsferlið	3
1.4	Niðurstaða umhverfismats	4
2	Uppbygging aðalskipulagsins	6
2.1	Framsetning stefnu	6
2.2	Forsendur og umhverfismat.....	6
2.3	Skipulagsgögn	7
3	Styrkleikar Norðurlands	8
3.1	Sterkar rætur og nýir sprotar í atvinnulífi.....	8
3.2	Gefandi mannlíf og fjölbreyttir tómstundamöguleikar	9
3.3	Einstakt umhverfi og fjölbreyttar upplifanir	10
4	Áskoranir og tækifæri	12
4.1	Fækkun íbúa og uppbygging atvinnulífs	12
4.2	Sameining samfélags og sérstaða svæða	13
4.3	Vatnajökulsþjóðgarður og ferðþjónusta	14
4.4	Landnotkun og náttúru- og landslagsvernd.....	15
4.5	Landeyðing og landgræðsla.....	16
4.6	Náttúruvá, vísindi og ferðþjónusta.....	16
4.7	Stóriðja og áhrif á samfélag og umhverfi	17
5	Áætlun um byggðapróun	17
5.1	Áætlun atvinnuþróun og svæði fyrir atvinnuhúsnæði	17
5.2	Áætlun íbúðapróun og svæði fyrir íbúðarhúsnæði	17

6	Framtíðarsýn og meginmarkmið	18
6.1	Sýn	18
6.2	Leiðarvísar	19
7	Nýr hornsteinn	20
7.1	Stóriðja á Bakka.....	20
7.2	Athafnastarfsemi á Bakka	20
7.3	Ný höfn við Húsavíkurböfða	20
8	Þingeysk matvælaframleiðsla	22
8.1	Þingeysk matvæli	22
8.2	Landbúnaður	22
8.3	Ylrækt	23
8.4	Veiðar og vinnsla sjávarfangs	23
8.5	Fiskeldi	23
8.6	Nýting annarra auðlinda	23
9	Framsækin ferðþjónusta	24
9.1	Lykilatvinnuvegur	24
9.2	Fjölbreytt afþreying	25
10	Vaxandi sérþekking	26
10.1	Sérsvið Norðurlands	26
10.2	Möguleikar til fjarvinnslu.....	26
11	Öruggar samgöngur	28
11.1	Vegakerfi.....	28
11.2	Almenningssamgöngur	29
11.3	Flugsamgöngur	29
11.4	Hafnir.....	30
11.5	Göngu- og reiðleiðir	31

12	Góð þjónustukerfi	32	17	Traust velferðarþjónusta	44
12.1	Uppbygging þjónustukerfa	32	17.1	Félagsþjónusta	44
12.2	Fjarskipti	32	17.2	Heilbrigðisþjónusta.....	44
12.3	Rafveita	33	17.3	Öryggi.....	44
12.4	Hitaveita	34	18	Vönduð stjórnsýsla	45
12.5	Vatnsveita	34	18.1	Miðstöð stjórnsýslu	45
12.6	Fráveita.....	35	18.2	Aðgengi að upplýsingum	45
12.7	Sorphirða og sorpförgun	35	18.3	Umhverfisstarf	45
13	Fjölbreytt íbúðarhúsnæði.....	36	19	Heilbrigð vistkerfi	46
13.1	Búsetukostir	36	19.1	Varnir gegn mengun vatns	46
13.2	Hönnun og bygging íbúðarhúsnæðis	36	19.2	Loftgæði og loftslagsbreytingar.....	47
14	Skapandi skólastarfsemi	37	19.3	Verndun líffræðilegrar fjölbreytni	48
14.1	Grunnskólar.....	37	19.4	Umgengni, umhirða og vistvænn lífsstíll	49
14.2	Háskólanám og símenntun	37	20	Sjálfbær auðlindanýting	50
15	Fyrirmyndar tómstundaaðstaða	38	20.1	Neysluvatn	50
15.1	Almenn útivistarsvæði.....	38	20.2	Nýting fallvatna	52
15.2	Leiksvæði barna	38	20.3	Jarðhiti og jarðgas	53
15.3	Íþróttasvæði og íþróttamannvirki.....	39	20.4	Jarðefni.....	54
15.4	Tómstundabúskapur	40	21	Fjölbreytt landslag í dreifbýli	56
15.5	Tómstundaveiðar	40	21.1	Fjölbreytni landslags og verðmæt svæði.....	56
15.6	Frístundabyggð.....	41	21.1.1	Verðmæt vistkerfi og landslagsgerðir	58
16	Litríkt menningarlíf.....	42	21.1.2	Víðerni	59
16.1	Söfn og sýningar.....	42	21.1.3	Svæði sem eru verðmæt á heimsvísu	60
16.2	Félagsstarfsemi, listalíf og kirkjulíf.....	42	21.1.4	Svæði sem eru verðmæt á landsvísu	61
16.3	Menningarviðburðir	42	21.1.5	Svæði sem eru verðmæt á svæðisvísu	62
16.4	Menningararfur.....	43	21.2	Menningarlandslag og menningarminjar	63

21.3	Skógrækt	64
21.4	Landgræðsla	66
22	Vandað skipulag og sterk bæjarmynd í þéttbýli	68
22.1	Gönguvæn og aðlaðandi byggð	68
22.4	Virðing fyrir náttúru og menningararfi	68
22.5	Fjölbreytt og aðgengileg útivistarsvæði	69

1 Hlutverk og áherslur aðalskipulags Norðurbings



1.1 Mótun umgjörðar um daglegt líf

Tilgangur aðalskipulags er að setja fram stefnu sveitarfélags um þróun og mótun byggðar, fyrirkomulag landnotkunar og nýtingu og verndun auðlinda, náttúruminja og menningarminja. Aðalskipulag fæst því fyrst fremst við það áþreifanlega umhverfi sem fólk lifir og hrærist í dags daglega.

Til þess að unnt sé að marka stefnu um umhverfið er þó nauðsynlegt að fyrir liggi eða sett sé fram framtíðarsýn og meginstefna fyrir öll helstu svið sveitarfélags, s.s. atvinnumál, félagsmál, menningar- og fræðslumál og æskulýðsmál. Stefna á þessum sviðum myndar grundvöll að stefnu í umhverfis- og skipulagsmálum. Þannig getur stefna um lýðheilsu, menningarlíf eða tiltekna tegund atvinnustarfsemi kallað á ákveðnar skipulagsútfærslur. Að sama skapi þarf stefna sveitarfélags í skipulags- og umhverfismálum að endurspeglast í stefnu á öðrum sviðum. Ef markmiðið er að tryggja góða umgengni við náttúruna og stuðla að heilbrigði vistkerfa, þarf stefna í atvinnumálum og æskulýðsmálum, svo dæmi séu tekin, að taka mið af því.

Í ljósi þessa setur aðalskipulag Norðurbings fram framtíðarsýn og meginstefnu í öllum málaflokkum sveitarfélagsins sem sameiginlega móta umgjörð um daglegt líf íbúa. Meginstefnan er síðan útfærð nánar í aðalskipulaginu að því er tekur til umhverfis-, skipulags- og byggingarmála en gert er ráð fyrir að útfærsla hennar í öðrum málaflokkum fari fram á hverju sviði sveitarfélagsins. Framtíðarsýnin og meginstefnan myndar þannig grundvöll fyrir gerð verkefna-, aðgerða- eða framkvæmdaáætlana sveitarfélagsins á hinum ýmsu sviðum.

1.2 Áherslur aðalskipulagsvinnunnar

Vinna við aðalskipulag Norðurbings hefur tekið mið af eftirfarandi áherslum:

- Að byggja stefnumörkun aðalskipulagsins á áherslum sjálfbærrar þróunar og í samhengi við Umhverfisáætlun Norðurbings – Staðardagskrá 21 og styrkja grundvöll þeirrar áætlunar sem framkvæmdaáætlunar.
- Að leggja sérstaka áherslu á greiningu og stefnumörkun um landslag, í ljósi fjölbreytni þess, verðmætis og þýðingar fyrir búsetuskilyrði og ferðapjónustu í Norðurbíngi.
- Að hafa skipulagið sveigjanlegt og þannig að það auðveldi uppbyggingu atvinnustarfsemi.
- Að beita aðferðum umhverfismats við rökstuðning og mótun stefnu.

- Að setja fram skýra sýn og skýrar áherslur um þróun og einkenni miðbæjar Húsavíkur sem hjarta bæjarins og Norðurlands alls. Einnig að setja áherslurnar þannig fram að þær nýtist vel sem grundvöllur að deiliskipulagsgerð, áfangaskipti henni á sem heppilegastan máta og geri hana markvissari.
- Að leita upplýsinga og álits hjá íbúum og öðrum hagsmunaaðilum og upplýsa þá um framgang verkefnisins.
- Að setja aðalskipulagið fram á aðgengilegan máta þannig að það verði virkt stjórntæki.

1.3 Skipulagsferlið

Vinna við Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030 hófst í apríl 2008. Ráðgjafarfyrirtækið Alta stýrði aðalskipulagsgerðinni og vann tillögur í samstarfi við skipulagsfulltrúa og skipulags- og byggingarnefnd Norðurlands.

Frá upphafi skipulagsvinnunnar var leitast við að hafa gott samráð við íbúa og hagsmunaaðila og kynna tillögugerðina eftir því sem henni vatt fram. Í þeim tilgangi var verkefninu m.a. skipt upp í nokkra áfanga.

Haldnir voru tveir íbúafundir í Skúlagarði (apríl 2008 og febrúar 2009) og einn á hverjum þéttbýlisstaðanna (febrúar 2009) til að ræða forsendur og drög að tillögu. Á vef Norðurlands voru á tímabilinu febrúar til júní 2009 kynntar áfangaskýrslur um meginforsendur og framtíðarsýn, landslag og verndarsvæði og skipulag þéttbýlanna. Ný heildstæð drög að sýn, stefnu og skipulagsákvæðum fyrir sveitarfélagið í heild, dreifbýli og þéttbýli, ásamt matslýsingu voru kynnt á vef sveitarfélagsins í september 2009 og voru íbúar, landeigendur, stofnanir, félagsamtök og fyrirtæki í Norðurlandi og aðrir sem áhuga kynnu að hafa eða teldu sig eiga hagsmuna að gæta, hvattir til að kynna sér drögin og matslýsingu og senda inn athugasemdir og ábendingar fyrir 22.10.2009. Jafnframt var sendur tölvupóstur til stofnana í Norðurlandi, á Norðurlandi og landsvísu og óskað eftir umsögnum um drögin.

Umsagnir við tillögur sem birtar voru í september 2009 bárust frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Húsafriðunarnefnd ríkisins, Landsneti, Náttúrustofu Norðausturlands, Norðurlandsskógum, Siglingastofnun Íslands, Skógrækt ríkisins, svæðisráði norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs og Vegagerðinni. Fornleifavernd og Landgræðsla ríkisins létu vita að ekki væru gerðar athugasemdir á þessu stigi. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust frá almenningi þegar tillögudrög og matslýsing voru til kynningar á vef Norðurlands frá 21.9.-22.10. 2009.

Aðalskipulagsráðgjafar lögðu mat á umhverfisáhrif aðalskipulagstillögunnar (sbr. viðauka 1 og kafla 1.5) og höfðu til hliðsjónar þær umsagnir sem bárust við drög að aðalskipulagstillögu

sem kynnt var í september 2009. Matið byggði einnig á sjónarmiðum og ábendingum sem fram komu á íbúafundum, en á þeim var m.a. leitast við að kalla fram mat íbúa á kostum og göllum einstakra stefnumiðaða. Drög að mati skipulagsráðgjafa á umhverfisáhrifum aðalskipulagstillögunnar voru rýnd af skipulags- og byggingarnefnd og skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurlands.

Lokatillaga að aðalskipulagi ásamt umhverfisskýrslu voru send til umsagnar lögbundinna umsagnaraðila í lok desember 2010. Umsagnir bárust frá Flugstoðum, Fornleifavernd ríkisins, Hafnanefnd Norðurlands, Kirkjugarðaráði, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Húsafriðunarnefnd, Landsneti, Landgræðsla ríkisins, Rarik, Siglingastofnun, Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Skógrækt ríkisins, Umhverfisstofnun Vegagerðinni, Fljótsdalshéraði, Skútustaðahreppi, Tjörneshreppi og Þingeyjarsveit.

Tillagan var kynnt á almennum íbúafundi á Húsavík 8. febrúar 2010 í samræmi við ákvæði 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga. Tillagan var síðan tekin fyrir í skipulags- og byggingarnefnd 9. febrúar 2010 og framkomnar umsagnir afgreiddar. Nefndin lagði til við sveitarstjórn að samþykka tillöguna til auglýsingar með þeim breytingum sem koma fram í fundargerð nefndarinnar. Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 23. febrúar 2010 að auglýsa tillöguna og senda hana til Skipulagsstofnunar til athugunar sbr. 2. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Umsögn Skipulagsstofnunar barst með bréfi dags. 14.4.2010 og var í kjölfarið gerðar nokkrar lagfæringar á skipulagstillögunni og umhverfisskýrslunni, sbr. fundargerð skipulags- og byggingarnefndar dags. 26.4.2010 og sveitarstjórnar dags. 29.4.2010.

Aðalskipulagstillagan var auglýst í samræmi við 1. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga frá 20. maí til 18. júní 2010. Athugasemdafrestur var til 1. júlí 2010. Skipulags- og byggingarnefnd Norðurlands fjallaði um athugasemdir við auglýsta aðalskipulagstillögu á fundi sínum 25. ágúst 2010 og afgreiddi þær á fundi 1. september 2010. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti síðan Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030, 16. september 2010 þegar skipulagsgögn höfðu verið lagfærð m.t.t. afgreiðslu nefndarinnar á framkomnum athugasemdum. Sveitarstjórn Norðurlands samþykkti aðalskipulagið á fundi sínum 21. september 2010 og aftur 16. nóvember 2010, þegar gerðar höfðu verið lagfæringar á skipulagsgögnum í samræmi við ábendingar Skipulagsstofnunar, sbr. bréf dags. 1. nóvember 2010. Sjá nánar um skipulagsferlið í viðauka 2 með aðalskipulagsgreinargerðinni.

1.4 Niðurstaða umhverfismats

Heilt yfir litið er aðalskipulagstillagan talin líkleg til að hafa jákvæð áhrif fremur en neikvæð á umhverfið. Jákvæð áhrif eru líkleg til að verða á samfélag og lýðheilsu, minjar, landslag, vistkerfi og byggðarmynstur, sbr. umfjöllun um einstök stefnumið í umhverfisskýrslu í viðauka 1. Neikvæð áhrif kunna helst að verða á land, loft, vatn og vistkerfi vegna uppbyggingar stóriðju og tilheyrandi framkvæmda, nýtingar auðlinda s.s. vatns, jarðhita og jarðefna eða skógræktar og landgræðslu. Ekki er þó talið að þessi stefnumið ein og sér eða samanlögð muni hafa veruleg neikvæð áhrif á einstaka umhverfisþætti eða umhverfið í heild. Því er ekki talin þörf á vöktun vegna framfylgdar tillögunnar. Þegar litið var til samanlagðra áhrifa allra stefnumiða á einstaka umhverfisþætti voru helstu áhrifin talin geta orðið eftirfarandi (sjá nánar umhverfisskýrslu í viðauka 1):

Samfélag

Flest stefnumið aðalskipulagstillögunnar eru talin geta haft jákvæð áhrif á atvinnulíf, íbúabráun þjónustu og samgöngur, ýmist með því að styðja beint við þróun atvinnulífs en einnig óbeint með því að stuðla almennt að góðum búsetuaðstæðum í sveitarfélaginu, s.s. með því að vernda og nýta með sjálfbærum hætti þá kosti sem felast í auðlindum og umhverfi sveitarfélagsins og stuðla að áframhaldandi góðum aðstæðum til tómstundaiðju, menntunar og menningarlífs. Ekki eru talin verða veruleg neikvæð áhrif á samfélag af einstökum eða samanlögðum stefnumiðum.

Land

Allflest stefnumið aðalskipulagstillögunnar eru talin hafa lítil sem engin áhrif á jarðmyndanir, jarðveg og jarðhitasvæði. Þau stefnumið sem einkum gætu haft áhrif á þessa þætti eru uppbygging stóriðju á Bakka með tilheyrandi framkvæmdum, nýir vegir, urðun úrgangs og nýting fallvatna, jarðhita, jarðgass og jarðefna. Áhrif af uppbyggingu stóriðju á Bakka verða nánar metin skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 106/2000. Áhrif stefnumiða um nýtingu fallvatna og jarðhita eru háð óvissu þar sem ekki er ljóst á þessu stigi nákvæmlega hvar eða af hvaða umfangi nýtingin verður. Um áhrif slíkra framkvæmda verður nánar fjallað skv. skipulags- og byggingarlögum við breytingu á aðalskipulagi og í mati á umhverfisáhrifum skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Loft

Þau stefnumið sem hugsanlega gætu ýtt undir gróðurhúsaáhrif og/eða aukið svifryk eru þau sem kunna að hafa í för með sér aukna akandi umferð, annað hvort tímabundið eða til langframa. Það getur átt við um stefnu um stóriðju á Bakka, athafnastarfsemi á Bakka, nýja höfn við Húsavíkurhöfða, efnistöku og aukna ferðaþjónustu. Nýting jarðhita kann að auka koldíoxíð og brennistein í andrúmslofti en það síðarnefnda er ekki gróðurhúsalofttegund. Ekki

er talið að ofangreind stefnumið ein og sér eða samanlagt muni valda verulegum gróðurhúsaáhrifum eða verulegri aukinni svifryksmengun. Stefna aðalskipulagstillögunnar um skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlenda mun veða upp á móti þeim gróðurhúsaáhrifum og loftmengun sem kann að verða.

Vatn

Áhrif aðalskipulagstillögunnar á vatnsgæði og vatnsbúskap yfirborðsvatns, grunnvatns og strandsjávar er að miklu leyti háð útfærslu á deiliskipulags- og framkvæmdastigi og því erfitt að segja til um þau á þessu stigi. Líklegt er að þó talið að þau verði ekki verulega neikvæð þar sem með stefnu tillögunnar um varnir gegn mengun vatns, líffræðilega fjölbreytni, umgengni og lífstíl og verndun verðmætra svæða er stuðlað að heilbrigðum vatnsbúskap.

Vistkerfi

Þau stefnumið sem hugsanlega gætu breytt gróðurfari og/eða dýralíf að einhverju leyti og haft áhrif á vistgerðir, búsvæði og líffræðilega fjölbreytni er uppbyggingu stóriðju á Bakka með tilheyrandi framkvæmdum, nýting fallvatna, jarðhita, jarðgass og jarðefna, auk skógræktar og landgræðslu. Umfang áhrifa er þó háð útfærslu á deiliskipulags- og framkvæmdastigi sem ekki er hægt að segja til um á þessu stigi. Líklegt er að þó talið að þau verði ekki verulega neikvæð m.a. vegna stefnu tillögunnar um varnir gegn mengun vatns, líffræðilega fjölbreytni, umgengni og lífstíl og verndun verðmætra svæða er stuðlað að heilbrigði vistkerfa.

Minjar og landslag

Aðalskipulagstillagan er almennt talin hafa jákvæð eða lítil sem engin áhrif á náttúruminjar, menningarminjar og landslag. Neikvæð áhrif gætu orðið einhver af stóriðju á Bakka og tilheyrandi framkvæmdum og nýtingu auðlinda eins og jarðhita og jarðefna en umfanga áhrifa er háð útfærslu á deiliskipulags- og framkvæmdastigi. Með stefnu tillögunnar um verndun víðerna og svæða sem teljast verðmæt vegna náttúru, minja, landslags eða landbúnaðar er stuðlað að því að neikvæð áhrif af framkvæmdum sem kunna að koma til verði sem minnst.

Byggðarmynstur

Áhrif stefnu aðalskipulagstillögunnar á einkenni byggðar, s.s. þéttleika og ásýnd eða yfirbragð, eru almennt talin verða jákvæð með því að styðja við atvinnulíf í dreifbýli og þar með að viðhalda og styrkja byggð þar. Stefna um byggðarmynstur í þéttbýli tekur einnig mið af einkennum þeirrar byggðar sem fyrir er.

Lýðheilsa

Stefnumið aðalskipulagstillögunnar eru almennt talin hafa góð áhrif á lýðheilsu með því að stuðla að atvinnuöryggi, matvælaöryggi, umferðaröryggi og öryggi gegn náttúruvá. Einnig er í tillögunni leitast við að lágmarka líkur á vatns- og loftmengun og bæta aðstæður til hreyfingar og tómstundaiðju bæði í þéttbýli og dreifbýli.

2 Uppbygging aðalskipulagsins



2.1 Framsetning stefnu

Stefna aðalskipulags Norðurlands er sett fram í greinargerð og á uppdráttum. Í greinargerð er stefnan sett fram með sýn og leiðarljósum fyrir framtíðarþróun sveitarfélagsins í heild og leiðarvísunum fyrir helstu málaflokka. Leiðarvísarnir eru útfærðir með markmiðum um einstök viðfangsefni eða verkefni innan hvers málaflokks. Leiðir að markmiðunum eru síðan skilgreindar en þær geta verið sjónarmið, áherslur, reglur eða ákvæði sem fara ber eftir við afgreiðslu eða ákvarðanir sem varða umhverfis-, skipulags- og byggingarmál.

Á skipulagsuppdráttum aðalskipulagsins eru svæði til mismunandi nota afmörkuð, s.s. íbúðarsvæði, atvinnusvæði, verslunar- þjónustusvæði, frístundabyggðarsvæði og landbúnaðarsvæði. Þar er lega megin vega- og gatnakerfis og stofnæða veitukerfa einnig ákveðin.

Deiliskipulag, byggingar- og framkvæmdaleyfi, mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, umhverfismat áætlana, fjárhagsáætlanir og framkvæmda- og verkefnaáætlanir í einstökum málaflokkum verða nýtt til að framfylgja stefnu aðalskipulagsins.

2.2 Forsendur og umhverfismat

Í aðalskipulagsgreinargerð er sett fram stefna og gerð grein fyrir meginforsendum hennar, en í umhverfisskýrslu, sem er viðauki með aðalskipulagstillögunni, er gerð nánari grein fyrir forsendum stefnunnar og líklegum áhrifum á umhverfi og samfélag. Umhverfisskýrslan er þannig bakgrunnsskýrsla fyrir aðalskipulagstillögunum um leið og hún er umhverfisskýrsla í samræmi við ákvæði laga nr. 105/206 um umhverfismat áætlana. Samkvæmt framangreindum lögum er skylt að meta umhverfisáhrif við gerð skipulagsáætlana í því skyni að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og tryggja að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða.

2.3 Skipulagsgögn

Aðalskipulag Norðurbings 2009-2029 samanstendur af greinargerð og skipulagsuppdráttum:

1. Greinargerðin skiptist í 5 meginhluta:

- Inngang - sem fjallar um hlutverk, áherslur og uppbyggingu aðalskipulagsins.
- Forsendur - sem fjallar um einkenni Norðurbings og þær áskoranir og tækifæri sem aðalskipulagstillagan tekur mið af.
- Sýn og meginmarkið – sem setur fram framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið í heild og leiðarvísa fyrir meginmálaflokka.
- Stefna - þar sem sett er fram stefna í öllum málaflokkum aðalskipulagsins og hún útfærð m.t.t. umhverfis- og skipulagsmála.
- Skipulagsákvæði - þar sem gerð er grein fyrir þeim svæðum og grunnkerfum sem afmörkuð eru á skipulagsuppdráttum og sett fram ákvæði og áherslur fyrir þau varðandi landnotkun, umgengni og einkenni.

2. Skipulagsuppdrættir eru:

- Sveitarfélagsuppdráttur í mkv. 1:100.000 sem nær til alls lands sveitarfélagsins.
- Þéttbýlisuppdrættir í mkv. 1:10.000 sem ná til þéttbýlisstaðanna Þriggja, Húsavíkur, Kópaskers og Raufarhafnar.

3. Skýringarkort í greinargerð og í viðaukum sem lýsa nánar forsendum og stefnu. Ef ósamræmi reynist á milli skýringarkorta og skipulagsuppdráttar þá gildir skipulagsuppdrátturinn.

Eftirfarandi viðaukar fylgja aðalskipulaginu:

1. Umhverfisskýrsla: Forsendur og áhrif Aðalskipulags Norðurbings 2009-2029
2. Heimildaskrá, ítarefni og skipulagsferli.



3 Styrkleikar Norðurþings



3.1 Sterkar rætur og nýir sprotar í atvinnulífi

Norðurþing hefur sterkar rætur á fjölmörgum sviðum. Strandmenning og sveitamenning á sér langa sögu þar sem sjósókn, fiskvinnsla, ræktun og búfjárhald hafa verið burðarstólpar búsetu á svæðinu allt frá landnámi. Verslunar- og þjónustustarfsemi og matvælaíðnaður voru einnig til langs tíma hornsteinar í atvinnulífi á Húsavík. Þar á samvinnuhreyfingin og fyrsta kaupfélagið sitt upphaf. Þá á náttúruvernd á svæðinu sér einnig langa sögu en Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum var stofnaður 1973 og varð síðan hluti af Vatnajökulsþjóðgarði árið 2008. Landgræðsla ríkisins hefur unnið í sveitarfélaginu allt frá árinu 1944 og lögð er mikil áhersla innan Landgræðslu ríkisins á landgræðslustarf í Norðurþingi. Löng reynsla er af ylraekt og síðustu áratugi einnig af fiskeldi. Sjúkrahús hefur verið á Húsavík allt frá árinu 1936 en núverandi sjúkrahús var tekið í notkun 1970 og þar rekur Heilbrigðisstofnun Þingeyinga öfluga heilbrigðisþjónustu. Talsverð reynsla og þekking er því til staðar í Norðurþingi og á þessum fjölbreytta grunni hafa nýir sprotar í atvinnulífi þegar byggt.

Þróun ferðaþjónustu á svæðinu á undanförunum áratugum hefur m.a. byggt á aldalangri þekkingu á sjónum og möguleikum sjávarsíðunnar en Húsavík hefur nú sterka ímynd sem aðal hvalaskoðunarbær á Íslandi og svæði þar sem hægt er að upplifa strandmenningu af ýmsu tagi. Sú staðreynd að landnám norrænna manna á Íslandi hófst með vetursetu Garðars Svavarssonar á Húsavík hefur einnig ýtt úr vör metnaðarfullu verkefni um uppbyggingu Garðarshólms, upplifunar- og þekkingarmiðstöðvar um sambýli manns og náttúru.

Lega norðausturhluta sveitarfélagsins nálægt heimskautsbaug og góðar aðstæður til að njóta sólrísu, sólarlags og norðurljósa hefur líka verið uppspretta hugmynda um uppbyggingu í ferðaþjónustu. Þannig mun áformað heimskautsgerði á Raufarhöfn styrkja ímynd austurhluta sveitarfélagsins sem áhugaverðs svæðis við ysta haf.

Fjölbreyttur efniviður í náttúru og atvinnulífi hefur einnig stutt við eflingu rannsókna og ráðgjafar á svæðinu, en hjá þekkingarsetri Þingeyinga, Hvalasafninu og Náttúrustofu Norðausturlands er m.a. sótt í þann sjóð.

Þrátt fyrir að matvælaíðnaður á Húsavík sé ekki af því umfangi sem áður var þá eru stöndug fyrirtæki í þeim iðnaði í Norðurþingi, eins og sláturhús og kjötvinnsla Fjallalambs á Kópaskeri og sláturhús og kjötvinnsla Norðlenska á Húsavík. Fjallalamb byggir m.a. sína markaðssérstöðu á grundvelli náttúrugæða svæðisins og einangrunar frá algengum sauðfjársjúkdómum. Þá eru áframhaldandi tækifæri talin vera í fiskveiðum og fiskvinnslu og í nýtingu jarðvarma til matvælaframleiðslu. Ylraekt er stunduð á Hveravöllum í Reykjahverfi og gulrótarækt í volgum jarðvegi Akurseli í Öxarfirði.

Þá má reikna með að frekari nýting jarðvarma og ferskvatns geti skotið sterkari stoðum undir atvinnulífið, s.s. nýting þessara auðlinda fyrir orku- eða vatnsfrekan iðnað.

3.2 Gefandi mannlíf og fjölbreyttir tómstundamöguleikar

Menningarlíf í Norðurþingi og Þingeyjarsýslum á sér merka sögu en þar hefur tónlist, leiklist og myndlist blómstrað um áraráðir bæði í bændasamfélaginu og í þéttbýlinu. Safnastarf hefur einnig verið öflugt og vaxandi. Sem dæmi er Safnahús Þingeyinga þar sem eru byggðasafn, sérhæft sjóminjasafn, skjalasafn, náttúrugripasafn bókasafn og listaverkasafn. Á Húsavík er einnig eina hvalasafnið á landinu og þar er einnig sérstætt reðursafn. Á Kópaskeri er jarðskjálftasetur og að Snartarstöðum við Kópasker er Byggðasafn Norður-Þingeyinga.


Sundlaugar eru á Húsavík, í Heiðarbæ, Lundi og á Raufarhöfn. Félagsheimili eru að Heiðarbæ í Reykjahverfi, Skúlagarði í Kelduverfi og á Raufarhöfn. Sex kirkjur eru í sveitarfélaginu, á Húsavík, að Garði í Kelduverfi, á Skinnastað í Öxarfirði, að Snartarstöðum við Kópasker og á Raufarhöfn. Safnaðarheimili er við þrjár þeirra.

Möguleikar til tómstundabúskapar eru góðir og stutt er að sækja í áhugaverða og fallega staði til náttúruskoðunar, veiða, hreyfingar, slökunar eða endurnæringar. Viðburðir og uppákomur ýmis konar sem skapa líf og fjör bæði fyrir íbúa og gesti, eins og Mærudagar, Sænskir dagar og Tónlistarveisla á Húsavík, Menningarvika á Raufarhöfn, Menningardagur á Kópaskeri, Hrutadagur á Raufarhöfn, Ásbyrgishátíð í Kelduverfi og Jökulsárhlaup í Þjóðgarðinum. Í Norðurþingi eru því möguleikar til að sinna margvíslegum hugðarefnum og njóta innihaldsríks lífs.

Aðstæður til íþróttaiðkunar utan- og innandyrna bjóða upp á góðar aðstæður fyrir börn og unglíngja. Leikskólar, grunnskólar og tónlistarskólar eru á öllum þéttbýlisstöðunum. Að Lundi í Öxarfirði er einnig leik- og grunnskóli. Framhaldsskóli er á Húsavík og með bættum samgöngum með nýjum vegi yfir Hólaheiði, Vaðlaheiðargöngum og bættum fjarskiptum batnar aðgengi að menntun.



Réttir í Jökulsárgljúfrum (heimild: www.nordurthing.is)



Landslagsheildir í Norðurþingi

3.3 Einstakt umhverfi og fjölbreyttar upplifanir

Fjölbreytni náttúru og landslags í Norðurþingi er einstök og gerir svæðið áhugavert til ferðalaga og búsetu. Þar er hægt upplifa bæði magnaða víðáttu með miklu útsýni, skjólgóð skógarrjóður inn á milli ása og hrikaleg gljúfur með margskonar ásýnd. Gróðurfarslega spannar sveitafélagið allt frá sandblásnum auðnum til gróskulegra birkiskóga, en einnig stór samfelld mólendis og votlendissvæði.


Helstu landslagsheildir í Norðurþingi eru:

1. **Norðurströnd Melrakkaslétta**, þar sem skiptast á vötn og lón með sjávarfítjum á nyrsta svæði landsins. Vestast gnæfir Rauðinúpur um 70 m hárr með fuglabjargi og miklu útsýni. Talsvert af menningarminjum sem tengjast landbúnaði og sjósókn er á svæðinu. Mikilvæg búsvæði fugla eru í björgum, fjörum, sjávarlönnum og öðru votlendi út við ströndina.
2. **Melrakkaslétta** með ávöllum landformum, nær algróin rýrum mólendisgróðri. Þó eru á austurhluta Melrakkaslétta mikil votlendissvæði þar sem skiptast á vötn og tjarnir, votlendi og mólendi þar sem er mikið fuglalíf, m.a. eitt helsta varpsvæði rjúpunnar hér á landi.
3. **Ásaland Öxarfjarðar**, landslagið einkennist af ásum, sem geta náð nokkrum tugum metra að hæð, og mynda skjólgóð og gróskurík svæði inn á milli ása á láglandi. Gróður er fjölbreyttur og gróskumikill á láglandi, þar sem birkiskógar teygja sig allt frá Daðastöðum í Núpasveit og suður að Hólsfjöllum. Á hálendari svæðum einkennist landið af jarðvegsrofi, þar sem rofabörð eru algeng rofmynd.
4. **Hólsfjöll**, tiltölulega flatlend heiðarlönd sem einkennast af miklu jarðvegsrofi, Jarðvegsrofið hefur margar ásýndir, með rofabörðum, sandflákum og melhólum. Innan svæðisins eru gróðurvinjar þar sem nokkuð er um votlendi.
5. **Dimmifjallgarður**, er móbergsfjallgarður sem rís austur af Hólsfjöllum, nær hæst í yfir 900 metra hæð yfir sjávarmáli. Lítil gróðurþekja er í fjöllum, nema í drögum og meðfram ám og lækjum.
6. **Jökulsárgljúfur og Ásbyrgi** eru stórkostlegar náttúrusmíðar er hafa myndast í hamfarahlaupum Jökulsár á Fjöllum. Flóðin hafa átt upptök sín í jökullónum við Vatnajökul, eða í eldsumbrotum undir jöklinum. Merki um hlaupfarveg eru greinileg milli Hljóðakletta og Ásbyrgis, þar sem vatnið hefur steypst niður í tilkomumiklum fossi. Gróðurfur gljúfranna er gróskumikið og mjög fjölbreytt, þar sem fjalldrapamóar hafa mesta flatarmálið, en birkiskógur er mjög áberandi og einnig víðir, en votlendi eru lítil. Svæðið er að mestu gróið, en syðst er þó gróðurþekjan mun minni en norðan til. Svæðið er mikilvægt búsvæði fálka.


7. **Gjástykki** er flatlend heiðarlönd með stöku fellum er standa upp úr landinu. Svæðið er myndað af mörgum hraunum er hafa runnið á Ísöld og alveg fram á nútíma. Syðst er nyrsti hluti Kröflueldahrauns sem rann á árunum 1975–1984 kolsvart og nánast gróið, einnig eru mikil sprungusvæði í Gjástykki frá umbrotunum 1975–1984 og fyrri jarðhræringum. Gróðurfar er rýrt og frekar einsleitt, helst er að finna fjölbreytni í gróðurfari í sprungum.
8. **Keldhverfsku** heiðarnar ná frá heimalöndum í norðri að Gjástykki. Þetta er svipað svæði jarðfræðilega og Gjástykki, en gróðurfarslega er það mun gróskumeira og einnig eru þar minni svæði vaxin birkiskógi, á þessu svæði er einnig talsvert um gamlar minjar. Vestast á svæðinu er Þríhyrningur og Dimmadalsás sem eru ásar sem standa uppúr landinu með dalverpum á milli.
9. **Aurar Jökulár á Fjöllum** í Öxarfirði þekja víðáttumikið svæði, þetta land hefur byggst upp í af framburði Jökulsár, þar sem hamfarahlaupin hafa trúlega lagt til stærsta skerfinn. Gróðurfarslega eru aurarnir mjög fjölbreyttir, þar má finna allt frá svartri sandsléttu yfir í gróskuríka víðimóa og votlendi. Út við ströndina er síðan yfir 20 km löng sandfjara. Á aurunum má finna jarðhita og sums staðar verður hans vart í yfirborði sandsins. Mjög fjölbreytt fuglalíf er á svæðinu.
10. **Húsavík og nágrenni** einkennist af öldóttu landslagi þar sem gróðurfarið er tiltölulega einsleitt mólendi, ofar í landinu eins og á Reykjaheiði er jarðvegsrof áberandi. Næst Húsavík mótast ásýnd lands mikið af uppgræðslu og skógrækt og á eftir að taka miklum breytingum á næstu áratugum.
11. **Reykjahverfi** er í jökulsorfnunum dal með mjög ávöllum línunum, ásýnd lands einkennist fyrst og fremst af landbúnaði, þar sem nær allur dalbotninn og neðsti hluti hlíðanna er nýtt sem landbúnaðarland með tilheyrandi túnrækt og framræslu. Ofar í hlíðum er mólendi ráðandi gróðurfar, en sums staðar er þó framræst votlendi. Jarðvegsrof er á nokkrum stöðum í hlíðunum að austanverðu og uppi á brúnum.




4 Áskoranir og tækifæri



Fjöldi íbúa í byggðakjörnum, þéttbýli og dreifbýli í Norðurlandinu 1997-2007 (Heimild: Hagstofa Íslands 2008).



Fjöldi starfa í Norðurlandinu eftir meginatvinnugreinum 1998-2005 (Heimild: Hagstofa Íslands 2008)



Fjöldi gesta í hvalaskoðunarferðum 1995-2006 (Heimild: Hvalasafnið á Húsavík 2008)

4.1 Fækkun íbúa og uppbygging atvinnulífs

Íbúar í Norðurlandinu voru 3001 þann 1. janúar 2009. Í þéttbýli bjuggu 2639, þar af 2279 á Húsavík, 137 á Kópaskeri og 223 á Raufarhöfn. Í dreifbýli bjuggu 362 manns. Svæðið hefur átt við fólksfækkun að glíma í alllangan tíma. Áföll hafa orðið í sjávarútvegi eins og víða annarsstaðar á landinu. Einnig hefur úrvinnsla landbúnaðarafurða sem áður var á Húsavík dregist saman en hún er þó enn mikil í héraðinu. Á síðustu 10 árum (1999-2009) hefur íbúum fækkað um 527 eða rúm 17%. Norðurland er því eitt af þeim sveitarfélögum sem hafa glímt við „viðvarandi fólksfækkun“ eins og hún hefur verið skilgreind í nýlegri skýrslu Bygðarstofnunar (2008).

Aldursdreifing íbúafjöldans er skekk miðað við landið í heild, þar sem hlutfall ungs fólks og yngstu barna er lægra en á landsvísu en elstu aldurshóparnir eru hlutfallslega fjölmennari. Eðlilegt er að ungt fólk fari burt til að mennta sig en leita þarf leiða til að það geti snúið til baka í störf við hæfi.

Störf Norðurlandinu eru hlutfallslega flest í þjónustu og hefur þeim fjölgað á meðan fækkun hefur orðið í frumvinnslu og iðngreinum. Sú fjölgun hefur þó fyrst og fremst verið í vestrhluta sveitarfélagsins.

Þjónustustig í Norðurlandinu er hátt miðað við önnur sveitarfélög með viðvarandi fólksfækkun, en þjónusta og verslun stendur vel á Húsavík. Ferðamannastraumur þangað og í þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum hefur verið mikill og vaxandi. Þar eru því tækifæri til sóknar. Þrátt fyrir að landbúnaður og sjávarútvegur séu sterkar greinar þá eiga þær í vök að verjast. Fleiri grunnstoðir eru því taldar vanta og miklar væntingar eru til uppbyggingar orkufrekrar atvinnustarfsemi og starfsemi í tengslum við sérstöðu svæðisins, sem felst í náttúrunni, hnattrænni staðsetningu, auðlindum í formi ferskvatns og heits vatns, hafnaraðstöðu og hagstæðri staðsetningu hafna.


Stærð sveitarfélagsins miðað við íbúafjölda hefur talsvert fjárhagslegt óhagræði í för með sér. Fjarlægð Norðurlandinu frá helstu markaðssvæðum er veikleiki sem m.a. kemur fram í miklum flutningskostnaði. Gott samgöngukerfi og öflugt fjarskiptakerfi eru því mikilvægar grunnstoðir í Norðurlandinu. Talsverðar úrbætur verða í samgöngumálum með tilkomu Hólaheiðarvegur en fjarskipti í dreifbýli eru ekki í viðunandi horfi og hamla samvinnu í atvinnulífi og stjórnsýslu.

4.2 Sameining samfélags og sérstaða svæða


Norðurþing er áttunda stærsta sveitarfélag landsins að flatarmáli og nær yfir 3.729 km². Byggðin er dreifð og fjarlægðir eru því miklar. Sveitarfélagið varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga, Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps. Þéttbýliskjarnar í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn en helstu sveitir eru Reykjahverfi, Kelduhverfi, Öxarfjörður, Núpasveit og Slétta. Í sveitarfélaginu eru því nokkrar samfélagseiningar sem eru enn að einhverju leyti að finna sig í nýju samhengi stjórnsýslu.

Húsavík er og verður án efa aðal þjónustukjarni sveitarfélagsins þangað sem íbúar hinna sveitanna þurfa að sækja, en engu að síður geta komið upp álitamál um dreifingu grunnþjónustu eins og skóla og leikskóla. Þannig var á árinu 2009 ákveðið að reka einn grunnskóla í Öxarfirði í stað þeirra tveggja sem nú eru í Lundi og á Kópaskeri. Mikilvægt er að marka stefnu til langs tíma um dreifingu grunnþjónustu þannig að íbúar búi við öryggi í þeim efnun.

Ef til álvers eða annarrar orkufrekrar atvinnustarfsemi kemur mun Húsavík fyrst og fremst styrkjast sem kjarni en byggðarkjarnarnir í austasta hluta sveitarfélagsins minna. Þar þarf því að sækja fram á öðrum sviðum. Helst er hægt að horfa til þeirra styrkleika svæðisins sem felast í fjölbreyttri og stórkostlegri náttúru, nálægð við heimskautsbaug, fiskimið og góðar aðstæður til landbúnaðar. Þannig gæti verið möguleiki á eflingu ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu og samvinnun þessa tveggja. Jarðhiti í Öxarfirði gefur einnig ýmsa möguleika, bæði varðandi ylrækt, fiskeldi, heilsuþöð og líftækni.



Landfræðilegar samfélagseiningar



Svæði Vatnajökulsþjóðgarðs innan Norðurþings

4.3 Vatnajökulsþjóðgarður og ferðþjónusta

Fjölbreyttur og stór hópur ferðamanna sækir þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum heim á hverju ári. Með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs skapast ný tækifæri í að markaðssetja svæðið í nýju og stærra samhengi. Til þess að tækifærin nýtist sem best þarf markaðssetning og kynning á þjóðgarðinum á ná til héraðsins alls þannig að ferðamenn staldri lengur við og dreifist meira um svæðið. Huga þarf að aðkomu í þjóðgarðinn og þjónustusvæði í grennd hans, t.d. þar sem hægt væri að koma fyrir hótélbyggingu. Einnig þarf að huga að áhrifum landnotkunar og mannvirkjagerðar á jaðri þjóðgarðsins á hagsmuni hans.

Með bættum samgöngum, s.s. Dettifossvegi, Hólaheiðarvegi og Vaðlaheiðargöngum, má einnig reikna með frekari fjölgun ferðamanna og þar með fleiri tækifærum í ferðþjónustu.

Aukinn ferðamannastraumur veitir möguleika í atvinnuuppbyggingu fyrir heimamenn sem geta t.d. falist í gistingu, matvælavinnslu, veitingasölu, leiðsögn, handverki og aðgangi að veiðilendum, berjalandi og grasalandi. Ferðamannatíminn er þó stuttur og leita þarf leiða til að lengja hann. Þar geta ýmsir viðburðir eða hátíðir komið til og fjölgun afþreyingarmöguleika, t.d. fyrir golfmenn og hestamenn.

4.4 Landnotkun og náttúru- og landslagsvernd

Notkun lands s.s. fyrir ræktun, byggð og auðlindanýtingu þarf að stilla saman við verndun náttúru og landslags.

Tilkoma Norðurlandsskóga og aukin áhugi á skógrækt kalla á að skýr stefna liggja fyrir um náttúruvernd og landslagsvernd og settar séu fram áherslur í skógrækt. Skógrækt getur fegrað svæði ef vel er að verki staðið og skapað skjól og framtíðarauðlind til nýtingar, auk þess sem hún getur aukið bindingu kolefnis. Skógrækt getur jafnframt haft áhrif á búsvæði plantna, fugla og annarra dýra eða breytt sérstöðu og svipmóti og lands. Greining á einkennum landslags getur hjálpað til við að móta stefnu um landnotkun og mannvirkjagerð þannig að hún falli sem best að landslagi.


Reikna má með auknum áhuga á frístundabyggð í Norðurþingi samfara bættum vegasamgöngum enda hefur umhverfið upp á mikið að bjóða. Frístundabyggð kallar á ákveðna þjónustu og getur því stutt við fasta búsetu. Ef mikil fjölgun frístundahúsa er fyrir séð er vert að huga að áhrifum hennar á landslag, byggðarmynstur og yfirbragð byggðar, ekki síst þar sem henni fylgir gjarnan skógrækt.

Efnisnámur eru víða í Norðurþingi sem eru verðmætar auðlindir. Nýtingu þeirra þarf að vege og meta gagnvart annarri landnotkun og öðrum hagsmunum sem hún getur stangast á við, s.s. náttúruvernd og frístundabyggð. Skýr stefna um áherslur við efnistöku er því mikilvæg.


Tækifæri liggja í nýtingu jarðhita í Norðurþingi en umtalsverðan jarðhita er að finna á söndum Kelduhverfis og Öxarfjarðar. Lághitasvæðið á Hveravöllum í Reykjahverfi býður að líkindum ekki upp á verulega aukna nýtingu frá því sem nú er. Ekki er gert ráð fyrir virkjun háhita í Gjástykki innan Norðurþings en þegar rafmagnsframleiðsla hefst á Þeistareykjasvæðinu má búast við að umtalsvert magn af heitu affallsvatni falli til. Í svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum er gert ráð fyrir þeim möguleika að leggja hitaveitulögn frá Þeistareykjum að Húsavík.

Nýting jarðhita getur stangast á við sjónarmið um náttúru- og landslagsvernd og þarf stefnumörkun að byggja á mati umhverfisáhrifum mögulegrar nýtingar. Við virkjun jarðvarma í Kelduhverfi og Öxarfirði þarf t.d. að gæta sérstaklega að verndun votlendissvæða.

Heimarafstöðvar eru nokkrar í Öxarfirði og Núpasveit og möguleiki er á að virkja víðar.



Skóglendi og helstu skógræktarsvæði í Norðurþingi



Landgræðslusvæði í Norðurþingi

4.5 Landeyðing og landgræðsla

Landeyðing er víða mikil í Norðurþingi og landgræðsla hefur verið stunduð þar lengi. Uppúr miðri síðustu öld var settur mikill kraftur í landgræðslustarf í sveitarfélaginu til að stöðva sandfok frá Hólsfjöllum og niður í Öxarfjörð. Allt frá því hafa svæði innan núverandi Norðurþings verið meðal aðal áherslusvæða Landgræðslu ríkisins, og árið 2008 voru í sveitarfélaginu 13 landgræðslusvæði sem samtals þekja 111.000 hektara.

Stærstu landgræðslusvæðin eru á Hólsfjöllum, en einnig eru stór svæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs auk svæða í nágrenni Húsavíkur og við Leirhafnarfjöll. Þá er ágangur sands vandamál á aurum Jökulsár í Öxarfirði, þar sem eru nokkrar aðskildar landgræðslugirðingar.

Landgræðslufélögin hafa sumstaðar í samvinnu við Landgræðslu ríkisins plantað trjám innan landgræðslugirðinga.

Með Kyoto sáttmálanum og auknum rannsóknum á kolefnisbindingu með landgræðslu gætu hin víðfeðmu landgræðslusvæði í Norðurþingi orðið mikilvæg þegar kemur að kolefnisbindingu og viðskipti með kolefniskvóta.

4.6 Náttúruvá, vísindi og ferðaþjónusta

Við skipulag og mannvirkjagerð í Norðurþingi þarf að taka tillit til þeirrar jarðskjálftahættu sem er á svæðinu en Tjörnesbrotabeltið liggur um sveitarfélagið. Margar fornar eldstöðvar eru í sveitarfélaginu en Gjástykki, sem er að hluta innan Norðurþings, er að líkindum sú eina sem er virk og eru byggðasvæði ekki talin í hættu.

Í jarðfræðilegum aðstæðum sveitarfélagsins liggja möguleikar fyrir rannsóknir og ferðaþjónustu eins og nýstofnað Jarðskjálftasetur á Kópaskeri er dæmi um. Ummerki um jarðhræringar eru víða sjáanleg og svæðið er að þessu leyti bæði áhugavert fyrir fræðimenn og ferðamenn.

Önnur náttúruvá í Norðurþingi sem skipulagsvinna þarf að taka tillit til eru sjávangangur og flóð í Jökulsá á Fjöllum. Landgræðsla ríkisins hefur unnið að vörnum gegn ágangi Jökulsár á söndum Kelduhverfis. Ekki er vitað um snjóflóðahættu í byggð en á útivistarsvæðum getur þurft að gæta varúðar. Þannig falla snjóflóð títt úr Húsavíkurfjalli við Botnsvatn.

4.7 Stóriðja og áhrif á samfélag og umhverfi

Til þess að skjóta styrkari stoðum undir atvinnulíf og búsetu í Norðurþingi og nágrennabyggðum er unnið að undirbúningi að álveri á Bakka við Húsavík með framleiðslugetu upp á 250.000 til 346.000 tonn á ári. Áætlað er að álverið skapi 600–700 störf á Norðurlandi.

Gera þarf ráð fyrir nægu landi undir íbúðir og atvinnuhúsnæði sem þessi áform kalla á. Einnig kallar hröð og mikil uppbygging á skýra sýn á gæði hverfa og húsnæðis.

Jafnframt þarf huga að því að draga sem mest úr þeim neikvæðu áhrifum á umhverfið sem kunna að verða. Þau áhrif varða t.d. þætti eins og loftgæði, umferð á sjó og landi, náttúru- og menningarminjar, gróður og dýralíf. Í þessu tilliti getur skipt máli að skilgreina svæði fyrir landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis til að auka bindingu koltvísýring. Einnig að vernda svæði sem þegar binda koltvísýring.



Bakkakrókur (heimild: Uggi Ævarsson 2007)

5 Áætlun um byggðapróun

5.1 Áætlun atvinnuþróun og svæði fyrir atvinnuhúsnæði

Aðalskipulagstillaga fyrir Norðurþing gengur út frá að stóriðja verði reist á Bakka við Húsavík og að það muni leiða til vaxtar í iðngreinum og þjónustugreinum, einkum á Húsavík. Þar er því gert ráð fyrir ríflegu svæði fyrir iðnaðar- og athafnastarfsemi við stóriðjusvæðið á Bakka og rými fyrir verslunar- og þjónustuhúsnæði á Húsavík, sjá nánar 24. og 25. kafla um skipulag Húsavíkur og miðbæ Húsavíkur.

Í dreifbýli er einkum gert ráð fyrir þróun í ferðaþjónustu en einnig fiskeldi og starfsemi tengdri nýtingu jarðhita ásamt áframhaldandi landbúnaði.

Á Raufarhöfn og Kópaskeri er reiknað með að sjávarútvegur verði áfram grundvöllur byggðar ásamt vinnslu landbúnaðarafurða á Kópaskeri, en að jafnframt verði leitast við að efla ferðaþjónustu og þróa aðrar atvinnugreinar.

5.2 Áætlun íbúðapróun og svæði fyrir íbúðarhúsnæði

Aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir að íbúum á Húsavík geti fjölgað um u.þ.b. 1000 íbúa með því að gera ráð fyrir rými fyrir um 450 nýjar íbúðir (sjá nánar 24. og 25. kafla um skipulag Húsavíkur). Í öðrum hlutum sveitarfélagsins er reiknað með hægri fjölgun. Í dreifbýli er gert ráð fyrir fjölgun íbúðarlóða á þegar skilgreindum íbúðarsvæðum ásamt möguleika á stökum íbúðarhúsum á bújörðum án tengsla við búskap (sjá 23. kafla um skipulag dreifbýlis). Á Raufarhöfn og Kópaskeri eru afmörkuð framtíðaríbúðarsvæði að mestu í samræmi við gildandi skipulag, sjá nánar 26. kafla um Kópasker og 27. kafla um Raufarhöfn.

6 Framtíðarsýn og meginmarkmið

6.1 Sýn

Í Norðurljósi verði staðir með sterkt aðdráttarafl til búsetu, afþreyingar og ferðalaga. Þar verði traust og góð afkoma, auðugt mannlíf og umhverfi sem veitir vellíðan og fyllir íbúa stolti.

Öll starfsemi Norðurljósi verður byggð á sjónarmiðum um manngildi, lýðræði og sjálfbæra þróun. Í því felst:

- Virðing fyrir fólki og viðleitni til skapa umhverfi og aðstæður þar sem hver einstaklingur fái að þroska sig og njóta sín.
- Virðing fyrir náttúrunni og nýting auðlinda án þess að skerða hag kynslóða framtíðarinnar.
- Samhjálp og umburðarlyndi.
- Samræða við íbúa og opin ákvarðanatöku.
- Bjartsýni en ekki svartsýni.

Byggt á þessari framtíðarsýn eru einkunnarorð Norðurljósi: Njóttum kostanna!



Raufarhafnarviti

6.2 Leiðarvísar

Til þess að marka leiðina í átt að leiðarljósi Norðurljósa eru settir fram 16 leiðarvísar undir þrjú leiðarljós sem varða: I. Atvinnumál og grunngerð, II. Fræðslu-, menningar- og velferðarmál og III. Umhverfis- og skipulagsmál. Þriðja leiðarljósið fjallar um umhverfis- og skipulagsmál beint en þau eru að sjálfsögðu einnig samtvinnuð hinum málaflokkunum.

Í köflum 8-23 eru sett fram markmið fyrir hvern leiðarvísi.

I. Góð afkoma og örugg grunngerð


1. Nýr hornsteinn
2. Þingeysk matvælaframleiðsla
3. Framsækin ferðaþjónusta
4. Vaxandi sérþekking
5. Öruggar samgöngur
6. Góð þjónustukerfi

II. Fjölbreyttur lífsstíll og sameiginleg velferð

7. Fjölbreytt íbúðarhúsnæði
8. Skapandi skólastarfsemi
9. Fyrirmyndar tómstundaaðstaða
10. Litríkt menningarlíf
11. Traust velferðarþjónusta
12. Vönduð stjórnsýsla

III. Auðugt umhverfi og sterk ímynd

13. Heilbrigð vistkerfi
14. Sjálfbær auðlindanýting
15. Fjölbreytt landslag í dreifbýli
16. Vönduð bæjarmynd í þéttbýli



Einkunnarorð Norðurljósa og leiðarvísar

7 Nýr hornsteinn

Markmið

- 7.1 Stóriðja sem nýtir orku úr héraðinu er á Bakka við Húsavík.
- 7.2 Iðnaðar- og athafnastarfsemi tengd stóriðju er starfrækt á Bakka.
- 7.3 Höfn til þjónustu við stóriðju er við Húsavíkurhöfða.

7.1 Stóriðja á Bakka

Álver: Reist verði allt að 346.000 tonna álver á Bakka.

- Á Bakka verði tryggt rými fyrir súrálssíló og aðrar hráefnageymslur, kerskála, steypuskála, skautsmiðju, aðveitustöð, eldsneytistanka og þurrhreinsivirki og mögulegan vothreinsibúnað. Einnig þjónustubyggingar, vöruskemmur og hráefnisgeymslur.
- Gert verði ráð fyrir súrálssílóum og löndunarbúnaði við Húsavíkurhöfn.
- Framkvæmdahraði og hugsanleg áfangaskipting verksins verði samþætt við framboð á orku, en ráðgert er að hún komi frá Kröflu, Bjarnarflagi og Þeistareykjum, auk Gjástykkis ef þarf.
- Útblástur verði hreinsaður með nýjustu gerð af þurrhreinsivirkjum. Einnig verði skoðaðar lausnir með og án vothreinsibúnaðar.
- Þynningarsvæði umhverfis álverið er afmarkað á aðalskipulagsupprætti. Álver verði staðsett með þeim hætti að þynningarsvæðið nái ekki út fyrir mörk Norðurþings við Reyðará.
- Sjá einnig skipulagsákvæði fyrir iðnaðarsvæði á Bakka í kafla 24.3.10.

7.2 Athafnastarfsemi á Bakka

Iðnaðarstarfsemi: Mögulegt verði að staðsetja á iðnaðarsvæðinu á Bakka ýmsa atvinnustarfsemi sem hefur hag af nálægð við stóriðju og höfn. Einnig aðra grófa eða rýmisfreka atvinnustarfsemi.

- Í aðal- og deiliskipulagi verði tryggt rými fyrir slíka atvinnustarfsemi.

7.3 Ný höfn við Húsavíkurhöfða

Snásugarður: Unnið verði að stækkun Húsavíkurhafnar með gerð Snásugarðs neðan Húsavíkurhöfða til þjónustu við stóriðju.

- Sjá einnig stefnu um hafnir í kafla 11.4 og skipulagsákvæði fyrir hafnarsvæði á Húsavík í kafla 24.3.10.



Bakkahöfði



Byggingarvinna (heimild: www.nordurthing.is)



iðnaðarlóð á Bakka (kort úr tillögu að matsáætlun, HRV 2008)

8 Þingeysk matvælaframleiðsla

Markmið

- 8.1 Matvæli úr Norðurþingi hafa sterka ímynd sem byggir á hreinum náttúruafurðum, menningu og matarhefð svæðisins.
- 8.2 Verðmæt landbúnaðarsvæði eru varðveitt sem slík.
- 8.3 Jarðhiti er nýttur til ylræktar.
- 8.4 Viðhaldið er góðum aðstæðum fyrir veiðar og vinnslu sjávarfangs.
- 8.5 Fiskeldi er öflugt og vel er að því staðið.
- 8.6 Möguleikar á nýtingu berja og grasa eru góðir.

8.1 Þingeysk matvæli

Þingeyskt matarbúr: Stutt verði áfram við verkefnið Þingeyskt matarbúr sem er m.a. ætlað að styðja við samstarf aðila í Þingeyjarsýslum í þróun, kynningu og markaðssetningu á matvælaframleiðslu á svæðinu og þar með styrkja ímynd svæðisins sem matvælaframleiðsluhéraðs.

- Aðalskipulag tryggji svæði fyrir landbúnað og matvælaframleiðslu.

Heimaunnar afurðir og matartengd ferðaþjónusta: Stuðlað verði að samvinnu matvælaframleiðenda og ferðaþjónustuaðila m.a. með sölu heimaunninna afurða.

- Aðalskipulag tryggji svigrúm fyrir markaði og veitingahús í dreifbýli og þéttbýli. Sjá einnig stefnu um ferðaþjónustu í 9. kafla og skipulagsákvæði fyrir landbúnaðarsvæði í kafla 23.12, og verslunar- og þjónustusvæði og miðsvæði í kafla 23.6 um dreifbýli og í kafla 24.3.5, 24.3.6 og 25 á Húsavík, 26.2.5, og 26.2.7 á Kópaskeri og kafla 27.2.6 og 27.3.7 á Raufarhöfn.

8.2 Landbúnaður

Verðmæt landbúnaðarsvæði: Möguleikar til áframhaldandi búskapar og kjöt- og mjólkurframleiðslu í sveitarfélaginu verði tryggðir með varðveislu góðs landbúnaðarlands.

- Miða skal að því að vernda þau svæði sem eru sérstaklega verðmæt landbúnaðarsvæði, s.s. þau sem eru vel fallin til búvöruframleiðslu, sbr. ákvæði jarðalaga. Til þeirra teljast svæði sem eru auðræktanleg, s.s. fyrir tún eða korn. Leitast skal við að beina íbúðarbyggð, frístundabyggð, þjónustustarfsemi, skógrækt eða annarri starfsemi annað eftir því sem kostur er. Minniháttar mannvirki sem hafa áhrif á lítið svæði, s.s. lítil fjarskiptamöstur og stök íbúðar- eða frístundahús, má reisa innan þessara svæða. Stígar eru heimilir, merking leiða og tjaldsvæði.
- Ef taka á þessi svæði undir annað en landbúnað þarf að gera grein fyrir áhrifum á landbúnaðarframleiðslu eða hvar hægt er að rækta eða beita í staðinn áður en ákvörðun um breytta landnotkun er tekin.

Beit: Tryggð verði svæði sem hægt er að nýta til beitar og settar verði reglur um beit út frá nýtingarþoli náttúrunnar.

Vistvænn landbúnaður: Stuðlað verði að vistvænni landbúnaðarframleiðslu.

- Heilbrigði vistkerfa sé verndað, sjá stefnu í 19. kafla um heilbrigð vistkerfi.

8.3 Ylrækt

Gróðurhús og ræktun á „heitu landi“: Möguleikar verði til frekari nýtingar jarðhita til ræktunar í gróðurhúsum og á landi þar sem jarðvegur er volgur.

- Heimilt er að reisa gróðurhús á landbúnaðarsvæðum, sbr. skipulagsákvæði í kafla 23.12.

8.4 veiðar og vinnsla sjávarfangs

Aðstaða fyrir útgerð og landvinnslu: Áfram verði tryggð góð hafnar- og skipaaðstaða sem tryggir auðvelda löndun og útskipun á fiski. Möguleikum verð haldið opnum til að sinna landvinnslu meira að nýju og að nýting aukaafurða og fullvinnsla verði aukin.

Aðstaða fyrir smábátasjómennsku: Góðum aðstæðum fyrir smábátaútgerð verði viðhaldið í öllum þéttbýliskjörnunum.

- Sjá skipulagsákvæði fyrir hafnarsvæði í köflum 24.3.9 (Húsavík), 26.2.9 (Kópasker) og 27.2.9 (Raufarhöfn), til nánari útfærslu í deiliskipulagi.

8.5 Fiskeldi

Fiskeldisstöðvar: Stuðlað verði að frekari nýtingu vatns og jarðhita til fiskeldis.

- Stærri fiskeldisstöðvar eru heimilar á iðnaðarsvæðum.
- Minniháttar fiskeldisstöðvar eru heimilar á landbúnaðarsvæðum að teknu tilliti til stefnu í 19. kafla um heilbrigð vistkerfi, í 20. kafla um nýtingu auðlinda og 21. kafla um fjölbreytt landslag, ef þær eru með ársframleiðslu innan við 20 tonn og fráveitu í ferskvatn, eða með ársframleiðslu allt að 200 tonn og fráveitu til sjávar.


8.6 Nýting annarra auðlinda

Berjalönd og grasalönd: Forðast skal að skerða berjalönd og grasalönd.

- Við deiliskipulagsgerð, í gögnum með byggingar- og framkvæmdaleyfisumsóknum og gögnum með tilkynningu um skógrækt (sbr. ákvæði um málsmeðferð við skógrækt í kafla 21.3) skal gera grein fyrir berja- og grasalöndum á viðkomandi svæði og áhrifum skipulags og framkvæmda á þau, sbr. einnig sambærileg ákvæði um fornleifar í kafla 21.2 um menningarminjar.

Dúntekja: Svæði þar sem mögulegt er að nýta æðardún verði vernduð.

- Helstu æðarvarpsvæði sveitarfélagsins verði kortlögð og á grunni þeirrar kortlagningar verði tekin afstaða til verndunar þeirra, m.a. með því að setja reglur um landbúnað, skógrækt, landgræðslu og aðrar framkvæmdir á þeim svæðum. Þær reglur er hægt að festa í aðalskipulagi.



Matarbúur Norðurþings

9 Framsækin ferðapjónusta

Markmið

- 9.1 Ferðþjónusta er einn af lykilatvinnuvegum sveitarfélagsins og einkennist af fagmennsku og virðingu fyrir umhverfi og fólki.**
- 9.2 Ferðamenn eiga kost á fjölbreyttri afþreyingu og upplifun í tengslum við menningu, sögu, náttúru og útivist.**

9.1 Lykilatvinnuvegur

Markaðssetning, leiðsögn og upplýsingar: Góðar upplýsingar um Norðurþing og það sem það hefur upp á að bjóða verði aðgengilegar.

- Stutt verði áfram við samstarf stofnana og fyrirtækja í ferðapjónustu um stefnumörkun, vörubrúun og markaðssetningu ferðapjónustu í Norðurþingi og á Norðausturlandi.
- Upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn verði vandaðar og vel kynntar dyr að ferðapjónustu. Megin upplýsingamiðstöðvar verði á Húsavík, í Ásbyrgi og á Raufarhöfn.
- Átak verði gert í merkingu áhugaverðra áfangastaða og leiða tengdum menningu, sögu og náttúru svæðisins.
- Stuðlað verði að því að í ferðapjónustu séu starfandi leiðsögumenn sem búa yfir góðri staðarþekkingu (sjá einnig stefnu um vaxandi sérþekkingu 10. kafla).

Umhverfi, samfélag og ímynd: Uppbygging ferðapjónustu taki mið af því að neikvæð áhrif á náttúru verði sem minnst og jákvæð áhrif á samfélag sem mest.

- Merking, kynning og markaðssetning áhugaverðra staða og ferðaleiða jafnt fyrir gangandi, ríðandi og akandi, miði að dreifingu ferðamanna sem víðast um sveitarfélagið. Til að efla getu staða til að taka á móti vaxandi ferðamannastraumi verði lagðir göngustígar og gönguleiðir merktar.
- Aðkoma að helstu ferðapjónustusvæðum sé skýr, falli vel að landi og með vandaðan umhverfisfrágang. Sérstaklega verði vandað til aðkomu að Vatnajökulsþjóðgarði að norðan og sunnanverðu.
- Útlit upplýsingaskilta fyrir ferðamenn og skilta við áfangastaði vísi til sérkenna Norðurþings, skapi svæðinu skýra ímynd og falli vel að umhverfi.

Þjónustubyggingar: Möguleikar til að sinna ferðapjónustu í sveitum verði tryggðir.

- Ferðapjónusta bænda er hluti af þeirri starfsemi sem heimil er á landbúnaðarsvæðum, þ.m.t. gisting og minni veitingapjónusta. Heimilt er að starfrækja gistihús með allt að 20 gistirýmum á hverju lögbýli. Umfangsmeiri gistipjónusta kallar á skilgreiningu svæðis fyrir verslun- og þjónustu. Sjá nánar kafla 23.12.
- Svigrúm verði fyrir hótélbyggingu norðan þjóðvegjar við Ásbyrgi. Byggingin skal vera ein til þrjár hæðir og vönduð að allri gerð. Einnig skal vanda sérstaklega til umhverfisfrágangs.
- Uppbyggingu annars gistirýmis og veitingapjónustu í dreifbýli skal beina á þau verslunar- og þjónustusvæði sem fyrir eru, þ.e. Heiðarbæ, Skúlagarð, Ásbyrgi og Lund. Við Dettifoss er gert ráð fyrir bættri salernis- og áningaraðstöðu fyrir ferðamenn með veitingasölu. Í deiliskipulagi áningarsvæðis við Dettifoss skal gera grein fyrir fyrirkomulagi vatnsóflunar,

rafmagns og fráveitu og setja sérstaklega strangar kröfur um umfang, útlit og frágang mannvirkja.

- Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að reka púttvelli og minni tjaldsvæði, þar sem í boði er salernisaðstaða og kalt/heitt vatn, en ekki þjónusta sem vænta má að sé í boði á stærri tjaldsvæðum, s.s. rafmagn fyrir tjaldvagna og húsbíla.
- Stærri tjaldsvæði skulu rekin á skilgreindum svæðum að Heiðarbæ, á Húsavík, í Ásbyrgi, á Grímsstöðum, í Lundi, á Kópaskeri og Raufarhöfn. Þar er heimilt að reisa þjónustuhús og smáhýsi og aðra þá aðstöðu sem gott tjaldsvæði krefst.

9.2 Fjölbreytt afþreying

Strandmenning: Sögulegum tengslum samfélags í Norðurþingi við sjóinn verði gert hátt undir höfði við skipulag og markaðssetningu.

- Hafnarsvæði skal samtvinna sem almenningsrými og atvinnusvæði eftir því sem kostur er.
- Áhugaverðir sögustaðir og búsetuminjar um sjósókn og fiskvinnslu verði varðveittir, merktir og gerði aðgengilegir.

Matarmenning: Stuðlað verði eflingu matartengdrar ferðaþjónustu sem byggir á þingeysku hráefni og matarhefð og dregur fram séreinkenni svæðisins.

- Í skipulagi þéttbýlis og dreifbýlis sé búið þannig í haginn að unnt sé að setja á fót bændamarkaði og veitingahús sem bjóða t.d. upp á fiskmeti og lambakjöt.


Heilsutengd ferðaþjónusta: Stutt verði við nýtingu jarðhita fyrir heilsutengda ferðaþjónustu að teknu tilliti til áhrifa á náttúrfar og samfélag.

Menningarviðburðir: Hátíðum og viðburðum fjölgi og þeir markaðssettir með skipulegum hætti til að draga að ferðamenn á öllum árstíðum.

- Í öllum þéttbýliskjörnum Norðurþings verði aðlaðandi torg eða samkomusvæði þar sem hægt er efna til útisamkoma.

Útivist og náttúruskoðun: Tryggðir verði fjölbreyttir útivistarmöguleikar í þéttbýli og dreifbýli.

- Unnin verði kort sem sýnir mögulegar ferðaleiðir fyrir ólíka ferðamáta, þ.e. akandi, gangandi, hjólandi og ríðandi ferðalanga og helstu minjar, söguslóðir og áfangastaði. Sjá einnig stefnu um ferðaleiðir í kafla 11.5 um samgöngur og kafla 16.4 um menningararf.
- Merkingar við áhugaverða áfangastaði verði bættar, t.d. með upplýsingum um fuglategundir á helstu búsvæðum fugla og um merkileg náttúruleg fyrirbæri eins og Skjálftavatn. Helstu minjastaðir verði einnig merktir og gerðir aðgengilegir.
- Sjá einnig stefnu um tómsundaaðstöðu í 15. kafla.



Ýmsir möguleikar til afþreyingar og upplifana í Norðurþingi

10 Vaxandi sérþekking

Markmið

10.1 Mikil þekking á tilteknum sérsviðum er fyrir hendi í Norðurþingi.

10.2 Möguleikar til fjarvinnslu eru góðir.

10.1 Sérsvið Norðurþings

Rannsóknir og þróunarvinna: Stuðlað verði að því að rannsóknir og menntun í Norðurþingi eflist einkum á þeim sviðum sem eru mikilvæg í atvinnulífi og náttúrufari sveitarfélagsins, s.s. á sviði jarðfræði, jarðhita, jarðhæringa, lífríkis, einkum fuglalífs, hvala og annars lífríkis hafsins, fiskeldis, landgræðslu, skógræktar, strandmenningar, náttúruverndar og ferðaþjónustu og um samspil þessara þátta.


- Stutt verði við starfsemi Náttúrustofu Norðausturlands, Þekkingarseturs Þingeyinga og Jarðskjálftasetursins á Kópaskeri, auk samvinnu við háskólastofnanir.

Svæðisleiðsögumenn: Stuðlað verði að því að boðið verði upp á nám fyrir leiðsögumenn með sérþekkingu á náttúrufari og samfélagi Norðurþings.

10.2 Möguleikar til fjarvinnslu

Fjarnám: Tryggt verði að fjarskipti séu með þeim hætti að auðvelt sé að stunda fjarnám og fjarvinnslu.

- Sjá kafla 12.2 um fjarskipti.



11 Öruggar samgöngur

Markmið

- 11.1 Vegir innan sveitarfélagsins og til nágrennasveitarfélaga eru góðir.**
- 11.2 Almenningsamgöngur eru í boði.**
- 11.3 Möguleikar til flugsamgangna eru fyrir hendi.**
- 11.4 Hafnarmannvirki þjóna vel hlutverki sínu og þeim er vel viðhaldið.**
- 11.5 Göngu- og reiðleiðir eru víða og vel merktar.**

11.1 Vegakerfi

Vegabætur: Lögð verði áhersla á almennar endurbætur vega í sveitarfélaginu til að stuðla að greiðum og öruggum samgöngum, þ.m.t. eru eftirfarandi framkvæmdir. Sjá nánar um vegakerfi í dreifbýli í og um gatnakerfi í þéttbýli í kafla 23.21 (Húsavík), 26.3.15 (Kópasker) og 26.2.14 (Raufarhöfn):

- Dregið verði úr umferð þungaflutningabíla um þann hluta Þjóðveg 85 sem liggur í gegnum miðbæ Húsavíkur með lagningu nýrra tengibrauta um Suðurfjöru og Húsavíkurhöfða.
- Gerð verði ráð fyrir undirgöngum á Þjóðvegi 85 á milli sundlaugar og Íþróttasvæðis á Húsavík.
- Gert verði ráð fyrir að rétta Þjóðveg 85 af á um 2-3 km kafla við Klifshaga í Öxarfirði og þar verði gerð ný brú á Brunna, um það bil 50 m neðar en núverandi brú er.
- Gert verði ráð fyrir undirgöngum á Þjóðvegi 85 við Lund í Öxarfirði vegna umferðar skólabarna á milli skólahúss og Íþróttahúss.
- Til að bæta yfirsýn og umferðaröryggi er gert ráð fyrir að rétta Þjóðveg 85 af á 1,2 km kafla þar sem Þjóðvegurinn liggur upp á Haukamýrarás (færist um 100 m til vesturs (0-120 m).
- Lokið verði við nýjan veg um Hólaheiði og Hófaskarð á milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar með tengingu til Raufarhafnar.
- Gamla Hólsfjallaveginum verði viðhaldið eftir tilkomu nýs Dettifossvegar, en hann heldur áfram að vera mikilvægur fyrir aðgengi að Dettifossi að austan. Vegurinn býður líka upp á möguleika á hringleið.
- Tengivegi í Vesturdal (Tv888) verði breytt þannig að hann liggi af Dettifossvegi við Lönguhlíð að Langavatnshöfða þar sem nýtt bílastæði með gönguleiðatengingum við Hljóðakletta verður. Einnig verði lagður nýr afleggjari að Hólmatungum.
- Greið leið verði tryggð milli virkjana og áfangastaða (Krafla – Gjástykki – Þeistareykir – Húsavík) með heilsársvegi. Finna þarf hagkvæma leið á milli staða en jafnframt taka tillit til landslags, staðhátta og annarra mannvirkja (línur og lagnir). Núverandi vegir verði nýttir eftir því sem kostur er í því skyni. Skilgreindir verði þeir vegir aðrir, sem verða opnir almennri umferð.
- Gert er ráð fyrir nýjum virkjunarvegi að Þeistareykjum sem fellur að mestu leyti saman við núverandi legu Reykjaheiðavegar.
- Lagður verði nýr vegur að Botnsvatni frá Reykjaheiðarvegi vegna snjóþyngsla á núverandi aðkomuleið að Botnsvatni.

Gæði og öryggi: Unnið verði að því að allir stofn- og tengivegir í Norðurþingi standist viðmið EuroRAP um gæði og öryggi vega.

Lýsing: Stuðlað verður að bættu öryggi á heimreiðum í dreifbýli með bættri lýsingu og skiltum

Vetrarþjónusta: Tryggð verði góð vetrarþjónusta til að greiða leiðir fyrir íbúa um sveitarfélagið og til nágrennsveitarfélaga.

Umhverfisfrágangur: Vandað sé til verka við frágang vegsvæðis og leitast við að fella vegi sem best að landi og gróðri.

Aðkoma að ferðamannastöðum: Metnaður verði lagður í frágang á aðkomu að Vatnajökulsþjóðgarði og öðrum mikilvægum ferðamannastöðum.

Ferðaleiðir: Vinsælum ferðaleiðum verði vel viðhaldið.

- Veginum um Melrakkasléttu verði haldið við en með tilkomu Hólaheiðarvegur og þar með möguleika á hringleið um Sléttuna verður hann mikilvæg ferðaleið.
- Eftirfarandi leiðir um heiðar Kelduverfis eru skilgreindar sem ferðamannaleiðir og skal halda þeim við sem slíkum: Gamli Reykjaheiðarveginn niður hjá Fjöllum, vegslóði upp frá Eyvindarstöðum, meðfram Nibbuhrauni (þar sem eru hellar) og framhjá Kerlingarhól (eldstöð).


11.2 Almenningsamgöngur

Áætlunarferðir: Stuðlað verði að reglubundnum áætlunarferðum á milli Raufarhafnar og Akureyrar með viðkomu á helstu áfangastöðum í sveitarfélaginu.

11.3 Flugsamgöngur

Húsavíkurflugvöllur: Unnið verði að því Húsavíkurflugvöllur gegni aftur lykilhlutverki í samgöngum á svæðinu og geti þjónað millilandaflogi.

Aðrir flugvellir: Flugbrautum við Raufarhöfn, Kópasker og Grímsstaði verði viðhaldið.



Vegakerfi Norðurþings 2009

11.4 Hafnir

Hafnir Norðurlþings: Hafnir sveitarfélagsins þjóni vel hlutverki sínu og þeim viðhaldið sem best. Möguleikar til þjónustu við leit og vinnslu olíu norðaustur af landinu verði kynntir.

Húsavík: Húsavíkurhöfn verði aðalhöfn sveitarfélagsins.

- Höfnin þróist áfram sem öflug flutninga- og fiskihöfn og aðstaða fyrir móttöku skemmtiferðaskipa verði góð.
- Byggður verði nýr hafnargarður, Snásugarður, með tilheyrandi hafnarsvæði. Þar er gert ráð fyrir súrálsslóti og löndunarbúnaði.
- Sjá einnig skipulagsákvæði fyrir hafnarsvæði á Húsavík í kafla 24.3.9 og miðsvæði í 25. kafla.

Kópasker: Höfnin geti þjónað vel sem fiskihöfn.

- Sjá einnig skipulagsákvæði fyrir hafnarsvæði á Kópaskeri í kafla 26.2.9.

Raufarhöfn: Höfnin geti þjónað vel sem fiskihöfn.

- Sjá einnig skipulagsákvæði fyrir hafnarsvæði á Raufarhöfn í kafla 27.2.9.



Í Raufarhafnarhöfn


11.5 Göngu- og reiðleiðir

Þéttbýli: Aðstæður fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur verði bættar í þeim tilgangi að stuðla að bættri lýðheilsu og minni akstri og þar með mengun frá akandi umferð.

- Aðalgönguleiðir eru skilgreindar í aðalskipulagi en aðrar leiðir eru festar í deiliskipulagi.
- Unnið verði að því að lækka kantsteina á öllum gangstéttum í þéttbýli og greiða þannig fyrir umferð fatlaðra einstaklinga, gangandi vegfarenda og hjólreiðamanna.
- Unnið verði að bættu aðgengi við gangbrautir.
- Sjá einnig stefnu um aðgengi að skólalóðum í kafla 14.1, kafla 15 um almenna útivist og kafla 24.3.15 og 25 um gönguleiðir á Húsavík, 26.2.13 á Kópaskeri og 27.2.14 á Raufarhöfn.

Dreifbýli: Unnið verði að því að stígar geti þjónað sem samgönguleiðir, t.d. fyrir hjólandi og ríðandi ferðalanga.

- Stígar verði gerðir á milli eftirsótttra áfangastaða eða þar sem ágangur er mikill.
- Sjá einnig skipulagsákvæði fyrir gönguleiðir í dreifbýli í kafla 23.21.4.
- Hugað verði að merkingu og nýtingu fornra þjóðleiða og gamla vega og smalaslóða m.a. fyrir reiðleiðir og gönguleiðir.
- Aðal reiðleiðir í dreifbýli eru skilgreindar á sveitarfélagsuppdrætti, sbr. einnig kafla 23.21.3. Almennt er gert ráð fyrir að skilið sé á milli reiðvega og akvega í dreifbýli þar sem mögulegt er og að reiðvegir séu ekki innan veghelgunarsvæðis.



12 Góð þjónustukerfi

Markmið

- 12.1 Veitukerfi eru vel nýtt og áhrif þeirra á umhverfið eru lágörkuð.
- 12.2 Fjarskipti eru góð í öllu sveitarfélaginu.
- 12.3 Aðgangur að raforku er greiður og afhendingaröryggi er gott.
- 12.4 Nær öll heimili og fyrirtæki eru tengd hitaveitu.
- 12.5 Gott og heilnæmt neysluvatn er tryggt.
- 12.6 Fráveitumál standast kröfur laga og reglugerða.
- 12.7 Leitast er við að lágmarka og endurnýta úrgang.

12.1 Uppbygging þjónustukerfa

Hagkvæmni: Ákvarðanir um landnotkun taki m.a. tillit til hagkvæmni og tæknilegra forsendum í uppbyggingu þjónustukerfa.

- Leitast verði við að nýta þau grunnkerfi sem fyrir eru sem best, t.d. með þéttingu byggðar í þéttbýli þar sem það á við.

Samþætting veitumannvirkja: Með samþættingu ólíkra veitumannvirkja (t.d. vega og lína eða vega og lagna) verði leitast við að halda umfangi neikvæðra umhverfisáhrifa í lágmarki og takmarka þau við ákveðnar og fáar leiðir.

Hönnun og frágangur: Lögð verði rík áhersla á vandaða hönnun og frágang allra mannvirkja og að tekið sé mið af landslagi, náttúruferjum og hagsmunum annarra atvinnugreina, m.a. hefðbundins landbúnaðar á svæðinu.

12.2 Fjarskipti

Símasamband: Gott GSM-farsímasamband verði í þéttbýli og dreifbýli. Sérstaklega verði tryggt farsímasamband meðfram þjóðvegi nr. 85 innan Norðurljósa, öðrum stofnvegum, og ferðamannastöðum og frístundahúsvæðum.

- Fjarskiptamöstur sem eru innan við 30 m há og fjarskiptamannvirki sem rúmast innan 300 m² lóðar, eru heimil á landbúnaðarsvæðum, óbyggðum svæðum og opnum svæðum til sérstakra nota, iðnaðarsvæðum, athafnasvæðum og verslunar- og þjónustusvæðum ef unnt er að sýna fram í deiliskipulagi að mannvirkin rýri ekki umhverfisgæði verulega. Sveitarstjórn getur heimilað slík mannvirki án deiliskipulags, að undangenginni grenndarkynningu, ef einsýnt er að það hafi ekki áhrif á hagsmuni annarra landeigenda eða aðra landnotkun. Möstur á öðrum landnotkunarflokkum en ofangreindum, á hverfisverndarsvæðum og svæðum sem eru skilgreind sem verðmæt, sbr. 21. kafla, kallar á breytingu á aðalskipulagi.
- Staðsetningu stærri mastra en 30 m og fjarskiptamannvirkja sem krefjast meira rýmis en 300 m² lóðar skal ákveða í aðalskipulagi með nánari útfærslu í deiliskipulagi.
- Gert er ráð fyrir að í tengslum við byggingu flutningamannvirkja tengdum stóriðju á Bakka verði lagður ljósleiðari með öllum tengingum, bæði loftlínur og jarðstrengjum. Ljósleiðarinn verði lagður í nágrenni við háspennulínurnar, þ.e. í línuslóða eða nálæga vegi, en í tilvikum jarðstrengja í sama skurð og jarðstrengurinn.
- Á uppbyggingartíma þeistareykjavirkjunar verði vinnurafmagn leitt með jarðstreng frá Húsavík eða frá Kópaskerslínu norðan Höfuðreiðarmúla til þeistareykja, meðfram virkjunarvegi og/eða línuslóða. Unnt er að heimila lagningu háspennustrengja í jörðu meðfram vegum án breytinga á aðalskipulagi.
- Sjá einnig skipulagsákvæði fyrir fjarskipti í dreifbýli í kafla 23.22.4.


Veraldarvefurinn: Öll heimili og fyrirtæki hafa aðgang að hágæða vefsambandi.

- Ljósleiðarakerfi eða annað hraðvirkt gagnaflutningakerfi verði í þéttbýli og dreifbýli.
- Stofnkerfi ljósleiðara, þvert yfir sveitarfélagið, er fest í aðalskipulagi en styttri leiðir eru heimilar á grundvelli framkvæmdaleyfis að teknu tilliti til stefnu aðalskipulagsins um heilbrigð vistkerfi, nýtingu auðlinda, landslag, minjar og verndarsvæði, sbr. 19.-21. kafla, sem taka ber tillit til við mannvirkjagerð og framkvæmdir. Leitast skal við að leggja ljósleiðara meðfram vegum og forðast að fara um óraskað land.
- Í umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir ljósleiðara verði gerð grein fyrir samræmi framkvæmdarinnar við stefnu aðalskipulagsins í köflum 19. - 21. kafla.
- Sjá einnig skipulagsákvæði fyrir veitur í dreifbýli í kafla 23.22.4.


12.3 Rafveita

Stofnkerfi: Aðalskipulagið tekur til legu stofnlína, en til þeirra teljast línur með 66 kV spennu eða meiri sem liggja frá upptökum að dreifikerfi.

- Gert er ráð fyrir tveimur nýjum 220 kV háspennulínum, Hólasandslínu 1 og Þeistareykjalínu 1. Línurnar eru í Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025 en lögð er til breyting á legu þeirra. Sjá nánar skipulagsákvæði fyrir veitur í dreifbýli í kafla 23.22.1.
- **Landnotkun og framkvæmdir í grennd háspennulína:** Engar meiri háttar takmarkanir á landnotkun eru í nágrenni háspennulína á landsbyggðinni. Rekstur raforkukerfisins fer ágætlega saman við búrekstur og aðra starfssemi í dreifbýli. Tilvist háspennulína getur þó kallað á ákveðna aðlögun á skipulagi, landnotkun og rekstri. Meðfram háspennulínum er skilgreint helgunarsvæði, sem tryggja á persónuöryggi og rekstraröryggi raforkukerfisins. Helgunarsvæðið er breiðara því hærri sem rafspennan er á kerfinu. Þær takmarkanir á landnotkun og framkvæmdum innan helgunarsvæðisins sem þarf að hafa í huga, en helstar:
 - Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis. Ef framkvæmdir innan helgunarsvæðis eru óhjákvæmilegar að mati framkvæmdaraðila, ber honum að hafa fullt samráð við Landsnet um framkvæmdina. Sama meginregla um samráð gildir ef breyta þarf aðkomuleiðum að línunni.
 - Varðandi trjárækt innan helgunarsvæðis raflína sjá kafla 21.3 um skógrækt.
 - Liggi girðingar úr leiðandi efni samhliða háspennulínum, þarf að hyggja að hönnun þeirra og frágangi. Hættan er sú að það geti spanast upp straumur í girðingunni og valdið búfénaði og fólki hættu.
 - Nauðsynlegt er að starfsmenn flutnings og –dreifiveitna hafi greiðan aðgang að línunum og geti auðveldlega komist meðfram þeim vegna viðhalds og viðgerða.



Nýting vatns og jarðhita og lindasvæði 2009



- Hitaveita
- Ljósleiðari
- Rafínur
- Raflína jarðstrengur

Veitukerfi Norðurlþings (kortagögn fyrir vatnsveitu í dreifbýli eru ekki tiltæk)

Hönnun og frágangur rafveitu: Leitast skal við að draga úr umhverfisáhrifum raflína með því að setja þær í jörð þar sem þess er kostur og með því að vanda til staðsetningar og frágangs loftlína og jarðstrengja.

Heimarafstöðvar: Heimarafstöðvar og smávirkjanir sem eru minni að afli en 200 kW eru heimilar á landbúnaðarsvæðum, á grundvelli deiliskipulags og framkvæmdaleyfis, en stærri rafstöðvar kalla á afmörkun iðnaðarsvæðis í aðalskipulagi með tilheyrandi málsmeðferð.

12.4 Hitaveita

Stofnkerfi: Aðalskipulagið tekur til stofnæða frá upptökum að dreifikerfi.

- Gert er ráð fyrir möguleika á nýrri stofnæð hitaveitu frá Þeistareykjum að Húsavík, sbr. svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum.
- Gert er ráð fyrir að stækka megi núverandi stofnæð Hitaveitu Öxarfjarðar frá Skógalóni til Kópaskers eða leggja nýja lögn meðfram henni er.
- Skoðuð verði hagkvæmni þess að leggja hitaveitu frá Öxarfirði þvert yfir Sléttu til Raufarhafnar og til Langanesbyggðar.
- Sjá skipulagsákvæði fyrir veitur í dreifbýli í kafla 23.22 og í þéttbýli í köflum 24.3.16, 26.2.14 og 27.2.15.
- Sjá einnig stefnu um nýtingu jarðhita í kafla 20.3.

12.5 Vatnsveita

Stofnkerfi: Aðalskipulagið tekur til legu stofnæða fyrir þéttbýli frá upptökum að dreifikerfi en á stofnæðum í dreifbýli verði tekið í deiliskipulagi og/eða með framkvæmdaleyfi.

Öflun neysluvatns í dreifbýli: Séð verði til þess að þeir sem afla drykkjarvatns í dreifbýli hafi aðgang að góðri ráðgjöf og sérþekkingu. Í umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir vatnsveitu í dreifbýli verði gerð grein fyrir samræmi framkvæmdarinnar við stefnu aðalskipulagsins í köflum 19. - 21. kafla. Leitast skal við að leggja vatnsæðar meðfram vegum og forðast að fara um óraskað land.

12.6 Fráveita

Fráveitur almennt: Dregið verði úr losun óæskilegra efna í fráveitur.

- Reglulegt eftirlit verði með fráveitukerfum sveitarfélagsins og losun efna.

Fráveitur í þéttbýli: Gengið verði frá útrásum við þéttbýlisstaði.

- Allar útrásir verði leiddar í eina rás. Sjá skipulagsákvæði fyrir veitur í þéttbýli í köflum 24.3.16 (Húsavík), 26.2.14 (Kópasker) og 27.2.15 (Raufarhöfn).

Fráveitumál í dreifbýli: Frágangi rotþróa og fráveita verði komið í fullnægjandi horf.

- Sjá skipulagsákvæði fyrir fráveitur í dreifbýli í kafla 23.22.5.

12.7 Sorphirða og sorpförgun

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs: Unnin verði svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, sbr. lög nr. 55/2003. Reiknað er með að núverandi sorpförgunarsvæði geti nýst út skipulagstímabilið.

Endurnýting: Flokkun og endurnýting heimilissorps verði gerð aðgengilegri fyrir íbúa.

Móttöku- og flokkunarstöð: Aðal móttöku- og flokkunarstöð og sorpbrennsla verði áfram á Hrísmóum við Húsavík.

- Sjá skipulagsákvæði fyrir sorpförgunarsvæði við Húsavík í kafla 24.3.14.

Gámasvæði í dreifbýli: Heimilt er að staðsetja móttökustaði fyrir sorp í dreifbýli á landbúnaðarsvæðum, opnum svæðum til sérstakra nota, iðnaðarsvæðum, athafnasvæðum og verslunar- og þjónustusvæðum. Ásýnd gámasvæða í dreifbýli verði snyrtileg og skjólgróðri verði plantað þar til að hindra fok á rusli.

- Sjá skipulagsákvæði fyrir í dreifbýli í 23. kafla.

Urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang: Mótuð verði stefna varðandi brotajárn og gömul/ónýt tæki og henni fylgt eftir með kynningu fyrir íbúa. Urðunarsvæði fyrir óvirkan úrgang og geymslusvæði fyrir brotajárn, dekk og úrgangstímur frá þjónustusvæði Sorpsamlags Þingeyinga er norðan Laugardals, norðan við Húsavík.

- Sjá skipulagsákvæði fyrir sorpförgunarsvæði við Húsavík í kafla 24.3.14.

Urðunarstaður við Kópasker: Áfram verði gert ráð fyrir urðunarstað að Snartarstöðum II, sunnan við Sandhaug, vestur af Viðarás.

- Sjá skipulagsákvæði fyrir sorpförgunarsvæði í dreifbýli í kafla 23.15.

Gamlir urðunarstaðir: Halda skal uppfært yfirlit yfir gamla urðunarstaði, s.s. þar sem sláturúrgangur hefur verið urðaður og sýktum skepnum verið fargað. Það skal m.a. haft til hliðsjónar þegar ný svæði utan þéttbýlis eru tekin undir byggð eða aðrar framkvæmdir.

- Gengið verði frá urðunarstað sláturúrgangs í landi Saltvíkur á viðunandi hátt.


Gasvinnsla: Skoðaðir verði möguleikar á gasvinnslu úr sorpurðunarsvæðum.

13 Fjölbreytt íbúðarhúsnæði

Markmið

13.1 Fjölbreyttir búsetukostir eru í boði.

13.2 Vandað er til hönnunar og byggingar íbúðarhúsnæðis.



Dreifing og þéttleiki byggðar í dreifbýli. Býli í ábúð.

13.1 Búsetukostir

Staðsetning íbúðarhúsnæðis: Bygging íbúðarhúsnæðis verði fyrst og fremst í þéttbýli í þeim tilgangi að draga úr umhverfisáhrifum af akstri milli heimilis og vinnustaðar. Dreifbýlinu verði viðhaldið sem aðlaðandi stað til búsetu í tengslum við landbúnað og þá atvinnustarfsemi sem er í dreifbýlinu.

- Íbúðarsvæði í þéttbýli eru afmörkuð á þéttbýlisuppráttum og skipulagsákvæði fyrir þau sett fram í köflum 25, 26, 27 og 28.
- Heimilt er að reisa 1-3 stök íbúðarhús á jörð án tengsla við búskap. Sjá kafla 24. um landbúnaðarsvæði.
- Gert er ráð fyrir einu svæði fyrir smábýli í Reykjahverfi en slík byggð getur höfðað til íbúa sem kjósa að búa í sveit og halda nokkrar skepnur, stunda ýmis konar ræktun eða ferðabjónustu. Sjá kafla 23.12 um landbúnaðarsvæði.

Tegund íbúðarhúsnæðis: Tryggja skal fjölbreyttar húsagerðir sem svara þörfum allra aldurs- og þjóðfélagshópa.

- Skipulagsákvæði fyrir einstök íbúðarsvæði eru sett í köflum 23.5 (dreifbýli), 24.3.2 (Húsavík), 26.2.4 (Kópasker) og 27.2.4 (Raufarhöfn) og en þau skal útfæra nánar í deiliskipulagi.
- Nægjanlegt framboð íbúðarlóða sé ávallt í boði.

13.2 Hönnun og bygging íbúðarhúsnæðis

Samræmi við landslag og byggð: Leitast skal við að fella ný íbúðarhús vel að landi og þeirri byggð sem fyrir er.

- Skipulagsákvæði fyrir einstök íbúðarsvæði eru sett í köflum 23.5 (dreifbýli), 24.3.2 (Húsavík), 26.2.4 (Kópasker) og 27.2.4 (Raufarhöfn) og en þau skal útfæra nánar í deiliskipulagi.
- Sjá einnig stefnu um landslag í dreifbýli í 21. kafla og stefnu um bæjarmynd í þéttbýli í 22. kafla.

14 Skapandi skólastarfsemi

Markmið

14.1 Metnaður er lagður í skólastarf og skólunum eru búnar góðar aðstæður.

14.2 Möguleikar til háskólanáms og símenntunar eru góðir.



Átthagafraeði (heimild: www.laxarskolinn.is)

14.1 Grunnskólar

Skólalóðir: Tryggja skal nægjanlegt rými fyrir framtíðarþróun leik-, grunn- og framhaldsskóla og vanda skal allan umhverfisfrágang þannig að aðstæður til leikja, íþróttar og annarrar útiveru séu sem bestar.

- Skipulagsákvæði fyrir einstakar skólalóðir eru sett í sett í köflum 23.7 (dreifbýli), 24.3.7 (Húsavík), 26.2.5 (Kópasker) og 27.2.6 (Raufarhöfn), en þau skal útfæra nánar í deiliskipulagi.

Aðgengi: Tryggja skal gott aðgengi að skólum með öruggum og vel upplýstum göngu- og hjólaleiðum.

- Aðal gönguleiðir í þéttbýli eru festar í aðalskipulagi, sbr. þéttbýlisupprætti, en aðrar leiðir þarf að tryggja við deiliskipulagsgerð og í framkvæmdaáætlunum.

Umhverfisstarf og fræðsla: Stuðlað verði að fræðslu um náttúruvar og landslag sveitarfélagsins. Skólar verði hvattir til að móta sér skýra umhverfisstefnu og til þátttöku í alþjóðlega verkefninu „Skólar á grænni grein“ sem ætlað er að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Ungmenni sem sækja vinnuskóla sveitarfélagsins fái umhverfisfræðslu jafnframt því sem þau vinna að umhverfismálum.

14.2 Háskólanám og símenntun

Þekkingarsetur: Stutt verði við þekkingarsetur Þingeyinga sem miðstöð háskólanáms, símenntunar og rannsókna á Norðausturlandi.

- Gert er ráð fyrir uppbyggingu þekkingargarðs á lóð sunnan Framhaldsskólans á Húsavík, sem m.a. hýsi þekkingarsetur Þingeyinga og Náttúrustofu Norðausturland en svæðið og starfsemi á því verður nánar útfært í deiliskipulagi.

Aðgengi: Góðar samgöngur og öflug fjarskipti verði tryggð til að jafna möguleika til náms óháð búsetu.

- Sjá 11. kafla um stefnu í samgöngumálum og kafla 23.21 um skipulagsákvæði fyrir samgöngur í dreifbýli og kafla 24.3.15 (Húsavík), 26.2.13 (Kópasker) og 27.2.14 (Raufarhöfn), auk kafla 12.2 um fjarskipti.

15 Fyrirmyndar tómsundaaðstaða

Markmið

- 7.4 Möguleikar til að njóta tómsunda eru með besta móti.
- 7.5 Börn hafa aðgang að góðum leiksvæðum stutt frá heimili.
- 7.6 Búið er vel að keppnis- og almenningsíþróttum.
- 7.7 Aðstæður til að stunda hestamennsku og annan tómsundabúskap í þéttbýli eða í nágrenni þess eru góðar.
- 7.8 Tómsundaveiðar eru stundaðar með sjálfbærum hætti.
- 7.9 Dvöl í frístundahúsum í sveitum er möguleg.

15.1 Almenn útivistarsvæði

Dreifbýli: Tryggt verði gott aðgengi almennings að áhugaverðum svæðum í dreifbýlinu, einkum þeim sem skilgreind eru sem verðmæt svæði í 21. kafla um landslag í dreifbýli.

- Leiðir verði merktar í samvinnu við landeigendur og aðra hagsmunahópa. Stígar verði gerðir þar sem ágangur er mikill.
- Áningarstöðum verði fjölgað. Komið verði fyrir bílastæðum, bekkjum, skjólveggjum, salernisaðstöðu og/eða útsýnisskífum á völdum stöðum. Allur umhverfisfrágangur þar verði til fyrirmyndar.

Þéttbýli: Opin svæði innan þéttbýlis skulu samtengd með grænum geirum, stígum eða gróðri í götum þannig að þau myndi eina samhangandi heild. Góðar tengingar skulu einnig vera við útivistarsvæði umhverfis þéttbýli og tryggja skal aðgengi að fjöru sem víðast. Svæðin skulu bjóða upp á fjölbreytta möguleika til hreyfingar eða slökunar.

- Stíganet skal liggja um opin svæði innan þéttbýlis og í grennd við þéttbýli.
- Koma skal fyrir bekkjum, borðum, leiktækjum og æfingatækjum á völdum stöðum á opnum svæðum, t.d. þar sem skjól er gott eða njóta má útsýnis.
- Sjá einnig 22. kafla um bæjarmynd í þéttbýli.

Vegir, slóðar og stígar: Við skipulag vegakerfis og stígakerfis sé hugað að aðgengi almennings til útivistar.

- Sjá stefnu um ferðaleiðir í 9. kafla um ferðaþjónustu og 11. kafla um samgöngur og skipulagsákvæði fyrir samgöngur í kafla 23.21 (dreifbýli), 24.2.14 (Húsavík), 26.2.13 (Kópasker) og 27.2.14 (Raufarhöfn).

15.2 Leiksvæði barna

Skólalóðir: Skólalóðir verði örugg og aðlaðandi leik- og útivistarsvæði og nýtist einnig utan skólatíma.

- Skipulagsákvæði fyrir einstakar skólalóðir eru sett í sett í köflum 23.7 (dreifbýli), 24.3.7 (Húsavík), 26.2.5 (Kópasker) og 27.2.6 (Raufarhöfn), en þau skal útfæra nánar í deiliskipulagi.

Leiksvæði í íbúðarhverfum: Leiksvæði með leiktækjum séu í stuttu göngufæri frá hverju heimili í þéttbýli.

- Einstök minni leiksvæði í þéttbýli eru ekki fest í aðalskipulagi en gera skal ráð fyrir þeim innan íbúðarsvæða í deiliskipulagi.

15.3 Íþróttasvæði og íþróttamannvirki

Skíðasvæði: Aðstæður til að stunda skíði verði sem bestar.

- Skíðasvæði verði áfram í Skálamel við Húsavík. Sjá skipulagsákvæði í kafla 24.3.11 til nánari útfærslu í deiliskipulagi.
- Nýtt skíðasvæði verði byggt upp við Reyðarárhjúk með lyftum og göngubrautum. Aðstaða sé til að stunda skauta á Höskuldsvatni og á Svarðarmýrartjörn við Kaldbak þegar aðstæður leyfa. Sjá skipulagsákvæði í kafla 24.3.11 um opin svæði til sérstakra nota til nánari útfærslu í deiliskipulagi.

Íþróttasvæði og íþróttahús: Möguleikar til að stunda æfingar í sem flestum algengum keppnis- og almenningsíþróttum verði í öllum þéttbýliskjörnum.

- Á Húsavík verði aðal íþróttamiðstöð sveitarfélagsins með íþróttahöllina, íþróttasvæðið og sundlaugina sem burðarstólpa. Sjá skipulagsákvæði fyrir Húsavík í kafla 24.3.7 um svæði fyrir þjónustustofnanir og 24.3.11 um opin svæði til sérstakra nota.
- Á Raufarhöfn, Kópaskeri og í Lundi verði íþróttavöllum og íþróttahúsum vel við haldið þannig að þar sé áfram tækifæri til íþróttanna innanhúss- og utanhúss. Sjá skipulagsákvæði fyrir þjónustustofnanir í köflum 23.7 (Lundur), 26.2.6 (Kópasker) og 27.2.6 (Raufarhöfn).


Golfvellir: Unnt verði að mæta auknum áhuga á iðkun golfs í sveitarfélaginu.

- Gert er ráð fyrir að Golfvöllur Golfklúbbs Húsavíkur, Katlavöllur, geti stækkað í allt að 18 holu völlum og er svæði fyrir hann afmarkað á þéttbýlisuppdrætti fyrir Húsavík. Sjá einnig skipulagsákvæði fyrir völlum og nýja aðkomu að honum í kafla 24.3.11 um opin svæði til sérstakra nota á Húsavík, til nánari útfærslu í deiliskipulagi.
- Gert er ráð fyrir að golfvöllur í Ásbyrgi verði færður upp á túnin í Ási, sbr. skipulagsákvæði í kafla 23.10 um opin svæði til sérstakra nota í dreifbýli, til nánari útfærslu í deiliskipulagi.
- Á Kópaskeri er gert ráð fyrir möguleika á 9 holu golfvelli við Klifatjörn. Sjá skipulagsákvæði í kafla 26.2.11 um opin svæði til sérstakra nota í dreifbýli.
- Á Raufarhöfn er afmarkað svæði fyrir mögulegan lítinn golfvöll. Sjá skipulagsákvæði í kafla 27.2.11 um opin svæði til sérstakra nota á Raufarhöfn.

Skotiþróttir: Skotiþróttasvæði verði áfram á Vallmóm norðaustan Húsavíkur og á gamla flugvöllinum á Kópaskeri.

- Sjá skipulagsákvæði í kafla 23.10 um opin svæði til sérstakra nota í dreifbýli og í kafla 26.2.11 um opin svæði til sérstakra nota á Kópaskeri, til nánari útfærslu í deiliskipulagi.

Hestaíþróttir: Fjallað er um hestaíþróttir undir tómstundabúskap að neðan.



Íþróttasvæði og íþróttaaðstaða í Norðurþingi 2009



Hestar í Öxarfirði (heimild: www.nordurthing.is)

15.4 Tómstundabúskapur

Hestamennska: Gert verði ráð fyrir svæði fyrir hestaíþróttir í þéttbýli eða í næsta nágrenni þeirra. Aðalreiðleiðir framhjá eða um þéttbýli séu festar í aðalskipulagi.

- Á Húsavík er gert er ráð fyrir að áfram sé heimilt að vera með tómstundabúskap í Lækjargili og Traðargili en jafnframt að starfsemin flytjist til Saltvíkur innan loka skipulagstímabilsins þegar ný aðstaða hefur verði byggð upp í Saltvík. Sjá skipulagsákvæði í kafla 24.3.11 um opin svæði til sérstakra nota á Húsavík.
- Á Kópaskeri er svæði fyrir hestamennsku innan landbúnaðarsvæðis að Snartarstöðum.
- Á Raufarhöfn er gert ráð fyrir svæði fyrir hestaíþróttir rétt norðan við þorpið. Sjá skipulagsákvæði í kafla 27.2.11 um opin svæði til sérstakra nota á Raufarhöfn.
- Aðalreiðleiðir eru sýndar á þéttbýlisuppráttum og sveitarfélagsupprætti. Sjá einnig stefnu um reiðleiðir í kafla 11.5 og skipulagsákvæði fyrir reiðleiðir í dreifbýli í kafla 23.2.13 og í þéttbýli í köflum 24.3.15 (Húsavík), 26.2.13 (Kópasker) og 27.2.14 (Raufarhöfn).

15.5 Tómstundaveiðar

Veiðiár og –vötn: Við veiðar í vötnum og ám og mögulega uppbyggingu veiðihúsa verði þess gætt að vistkerfi og náttúrufer svæðanna raskist ekki og áhrif á landslag verði sem minnst. Sjá einnig stefnu í 19. kafla um heilbrigð vistkerfi.

- Stök veiðihús eru heimil á landbúnaðarsvæðum, sbr. skipulagsákvæði fyrir landbúnaðarsvæði í kafla 23.12.
- Veiðifélög eða veiðiréttthafar skulu setja nýtingaráætlun sbr. lög nr. 61/2006 um lax og silungsveiði.

Sjóstangveiði: Við skipulag hafnar- og strandsvæða verði hugað að möguleikum til sjóstangveiði.


Skotveiði: Möguleikar til rjúpna- og gæsveiði verði fyrir hendi með því að tryggður verði viðgangur fuglastofnana, sbr. einnig 19. kafla um heilbrigð vistkerfi þar sem afmörkuð eru svæða með líffræðilega fjölbreytni.

- Komið verði á griðlandi fyrir rjúpur við Húsavík. Rjúpnaveiðar verði bannaðar á svæði sem afmarkast af fjallsafleggjara upp í topp Húsavíkurfjalls og þaðan um skriðubrúnir suður fyrir Botnsvatn, þaðan beina stefnu í Gvendarstein og um suðurmörk hverfisverndarsvæðis við Kaldbak til sjávar.

15.6 Frístundabyggð

Frístundabyggð: Stakir sumarbústaðir og sumarbústaðarsvæði skulu falla vel að landslagi og byggðarmynstri.

- Allt að 3 frístundahús eru heimil á landbúnaðarsvæðum á hverri jörð, sbr. skipulagsákvæði í kafla 23.12. Ef reisa á fleiri hús skulu þau reist á skilgreindu frístundabyggðarsvæði sbr. afmörkun þeirra í þessu aðalskipulagi, sjá kafla 23.11.
- Ef fram koma hugmyndir um ný frístundabyggðarsvæði skal umfang þeirra og útfærsla taka mið af því að byggðin skeri ekki sjónlínur að/frá svæðum eða kennileitum með sérstakt gildi, gangi ekki á náttúrulega birkiskóga í sveitarfélaginu, raski ekki upplifun göngu- og reiðmanna og skerði ekki verðmætar náttúru- eða menningarminjar. Hafa skal samráð við veitufyrirtæki ef háspennulínur eða aðrar lagnir liggja um svæði.
- Vandað verði til hönnunar húsa og stuðlað að því að þau skírskoti til einkenna svæðisins hvað varða form, liti og efni.
- Frístundabyggð er óheimil á svæðum sem skilgreind eru sem verðmæt svæði á heimsvísu, sbr. kafla 21,1.3, ef frá er talin strönd Melrakkasléttu og á hluta þeirra svæða sem eru í flokki verðmætra svæða á landsvísu sbr. kafla 21.1.4.



Þéttleiki frístundabyggðar 2009



Frístundabyggð að Sultum

16 Litríkt menningarlíf

Markmið

- 16.1 Í sveitarfélaginu eru áhugaverð söfn og safnasvæði.
- 16.2 Búið er vel að félagsstarfsemi og listalífi.
- 16.3 Skemmtilegir menningarviðburðir eru í boði allan ársins hring.
- 16.4 Staðinn er vörður um menningararf sem felst í fornleifum og búsetulandslagi og mannvirkjum.



Skúlagarður, Kelduhverfi

16.1 Söfn og sýningar

Safnastarf: Hlúð verði að öflugum og metnaðarfullu safnastarfi og sýningum um sögu og menningu svæðisins. Leitast verði við að draga fram sérstöðu og sérkenni hvers svæðis.

- Vandað verði til húsnæðis og svæða safna. Í þéttbýli verði þess sérstaklega gætt að auðvelt sé að finna söfnin, t.d. með merkingum eða með því að þau séu í góðum tengslum við aðra þjónustu eða miðbæi. Skipulagsákvæði fyrir einstök svæði fyrir þjónustustofnanir eru sett í kafla 23.7 fyrir dreifbýli og í þéttbýli í köflum 24.3.7 og 25 (Húsavík), 26.2.6 (Kópasker) og 27.2.6 (Raufarhöfn).

16.2 Félagsstarfsemi, listalíf og kirkjulíf

Félagsheimili: Félagastarfsemi og samkomuhaldi verði tryggt húsnæði með viðhaldi félagsheimila eða annars samkomuhúsnæðis.

Tónlist, leiklist og myndlist: Listgreinum verði gert hátt undir höfði með því að hlúa að aðstæðum til listiðkunar og sýningahalds.

Kirkjur og safnaðarheimili: Kirkjur og safnaðarheimili verði áfram á þeim stöðum þar sem þau eru nú. Mögulega verður byggt safnaðarheimili við Snartarstaðakirkju.

- Skipulagsákvæði fyrir einstök svæði fyrir þjónustustofnanir eru sett í kafla 23.7 fyrir dreifbýli og í þéttbýli í köflum 24.3.7 og 25 (Húsavík), 26.2.6 (Kópasker) og 27.2.6 (Raufarhöfn).

Kirkjugarðar: Kirkjugörðum verði vel viðhaldið og í þéttbýli séu þeir hluti af vef grænna svæða, t.d. með góðum stígatenginum.

- Kirkjugarðar eru ýmist skilgreindir sem opið svæði til sérstakra nota eða sem svæði fyrir þjónustustofnanir, eftir því hvort þeir eru hluti af kirkjulóð eða ekki. Haft skal samráð við sóknarnefnd/kirkjugarðsstjórn ef ráðgerðar eru breytingar á skipulagi eða framkvæmdir sem geta haft í för með sér breytingar á umhverfi og/eða aðkomu að kirkju og kirkjugarði.

16.3 Menningarviðburðir

Útisamkomur og viðburðir: Hátíðum og menningarviðburðum verði fjölgað og þeir markaðssettir með skipulegum hætti til að draga að ferðamenn á öllum árstíðum og stuðla að litríku menningarlífi.

- Í öllum þéttbýliskjörnum Norðurlþings verði aðlaðandi torg eða samkomusvæði þar sem unnt er að efna til útisamkoma. Þessi torg verði í hjarta bæjanna. Sjá skipulagsákvæði fyrir miðsvæði í köflum 25 (Húsavík), 26.2.5 (Kópasker) og 27.2.5 (Raufarhöfn), til nánari útfærslu í deiliskipulagi.

16.4 Menningararfur

Fornleifar og búsetulandslag: Forðast skal að raska þeim menningararfi sem felst í fornleifum og gömlu verðmætu búsetulandslagi.

- Samkvæmt þjóðminjalögum er óheimilt að raska hylja eða breyta fornleifum á nokkurn hátt nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Til fornleifa teljast allar helstu mannvirkjaleifar og mannaverk sem eru 100 ára og eldri, sbr. þjóðminjalög.
- Skylt er að skrá fornleifar áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Lokið verði við skráningu fornleifa í öllu sveitarfélaginu en þar til henni er lokið verði fornleifar skráðar við deiliskipulagsgerð eða á framkvæmdastigi.
- Sjá nánar kafla 21.2.

Verðmætar byggingar: Hvatt verði til þess að vernda byggingar sem bera vitni um fyrri tíma og hafa varðveislugildi.

- Samkvæmt lögum um húsafriðun eru þau hús friðuð sem reist eru fyrir 1850 og allar kirkjur reistar fyrir 1918. Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á þeim byggingum án leyfis húsafriðunarnefndar ríkisins. Einnig er eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, skylt að leita álits hjá húsafriðunarnefnd ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa. Sjá kafla 23.17.3 um þjóðminjaverndarsvæði í dreifbýli og í þéttbýli kafla 24.3.18 (Húsavík), 26.2.17 (Kópasker) og 27.2.18 (Raufarhöfn).
- Mörkuð verði nánari stefna um verndun bygginga í samráði við sérfræðinga á sviði byggingarlistar.

Kynning og fræðsla: Kynning á menningarminjum verði aukin.

- Helstu minjastaðir verði merktir með upplýsingum um minjarnar.
- Göngu- og sagnaslóðir verði kortlagðar og merktar þó þannig að jafnvægi milli aðgengis og verndunar sé gætt. Verkefnum verði forgangsraðað og verði að minnsta kosti ein leið merkt á ári.



Raufarhafnarkirkja



Vegghleðsla í Jökulsárgljúfrum (heimild: nordurthing.is)



Íbúðarhús á Kópaskeri

17 Traust velferðarþjónusta

Markmið

- 17.1 Félagsþjónusta miðar að velferð allra.
- 17.2 Heilbrigðisþjónusta er mjög góð.
- 17.3 Öryggi íbúa er tryggt með góðri löggæslu, sjúkraflutningum og brunavörnum

17.1 Félagsþjónusta

Velferð allra: Þjónusta og framkvæmdir sveitarfélagsins miði að því að hver einstaklingur geti notið sín sem best í samfélaginu og lifað sjálfstæðu og eðlilegu lífi.

- Tryggt verði hentugt og vel staðsett húsnæði fyrir fólk sem ekki á eigið húsnæði og hefur ekki tök á að leigja á almennum markaði, t.d. vegna fötlunar eða veikinda.
- Unnið verði að því að bæta vegi til að tryggja sem best aðgengi að þjónustu.

17.2 Heilbrigðisþjónusta

Sjúkrahús: Heilbrigðisstofnun Þingeyinga á Húsavík verð efl.

Heilsugæsla: Heilsugæslustöðvar verði áfram á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn.

17.3 Öryggi

Löggæsla: Lögreglustöðvar verði áfram á Húsavík og Raufarhöfn.

Sjúkraflutningar: Tryggt verði viðunandi fyrirkomulag sjúkraflutninga.

Brunavarnir: Slökkvistöðvar verði áfram þrjár: Á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn.



Gamall slökkvibíll á Raufarhöfn

18 Vönduð stjórnýsla

Markmið

18.1 Miðstöð stjórnýslu er á Húsavík.

18.2 Stjórnýsla Norðurlands einkennist af góðu aðgengi að upplýsingum.

18.3 Tillit er tekið til umhverfisins við rekstur sveitarfélagsins.



Stjórnýsluhúsið á Húsavík (heimild: www.nordurthing.is)

18.1 Miðstöð stjórnýslu

Húsavík: Aðal stjórnýsla sveitarfélagsins verði á Húsavík.

Kópasker og Raufarhöfn: Þjónusta á tilteknum sviðum verði á Kópaskeri og Raufarhöfn.

18.2 Aðgengi að upplýsingum

Rafræn stjórnýsla: Áhersla verði á rafræna þjónustu sveitarfélagsins sem þátt í bættu aðgengi að stjórnýslunni.

Veraldarvefurinn: Vefur Norðurlands verði þróaður áfram til upplýsingamiðlunar og umræðna um málefni sveitarfélagsins.

18.3 Umhverfisstarf

Vistvæn innkaup og grænt bókhald: Sveitarfélagið móti sér umhverfisstefnu, þ.m.t. stefnu um innkaup og bókhald.

- Sveitarfélagið taki upp vistvæn innkaup. Haldið verði námskeið fyrir stjórnendur þar sem farið er yfir hvernig haga skuli innkaupum, hvaða þætti þurfi að hafa í huga og hvaða ávinningur næst með vistvænum innkaupum.

Starfsemi fyrirtækja og stofnana: Dregið verði markvisst úr áhrifum atvinnu- og þjónustustarfsemi í sveitarfélaginu á umhverfið.

- Fyrirtæki og stofnanir verði hvött til að móta sér umhverfisstefnu og að nýta hana til að skapa sér enn betri stöðu á markaði en samkeppnisaðilar.

19 Heilbrigð vistkerfi

Markmið

- 19.1 Ástand yfirborðsvatns og grunnvatns er mjög gott.
- 19.2 Lágmarksáhrif eru af athöfnum manna á loftgæði og loftslagsbreytingar.
- 19.3 Líffræðileg fjölbreytni er mikil.
- 19.4 Vistvænn lífsstill og virðing fyrir náttúru einkennir umgengni um land og umhirðu mannvirkja.

19.1 Varnir gegn mengun vatns

Flokkun yfirborðsvatns: Lokið verði ástandsflokkun yfirborðsvatns og sett fram langtíamarkmið fyrir ástand vatns í samræmi við reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Landnotkun, mannvirkjagerð og starfsemi verði hagað þannig að gæði yfirborðsvatns versni ekki og unnið verði að því að bæta vatnsgæði þar sem þess er þörf. Eftirlit með ástandi yfirborðsvatns verði eflt og komið í veg fyrir mengun þess.

Grunnvatn: Grunnvatn haldist ómengað, sjá einnig kafla 3.1 um neysl vatn.

Ár og vötn: Vistkerfi áa og vatna verði ekki raskað.

Atvinnustarfsemi: Fiskeldi og önnur atvinnustarfsemi verði með þeim hætti að strandsjór mengist ekki. Unnið verði að því að því að lágmarka áburðanotkun sem getur skaðað vistkerfi vatna og áa, einkum við Laxá.

Frárennsli: Komið verði í veg fyrir mengun frá fráveitu. Dregið verði úr losun óæskilegra efna í fráveitur og frágangur rotþróa og fráveitumál í dreifbýli uppfylli kröfur í lögum og reglugerðum. Gerð verði áætlun um úrbætur á ástandi frárennismála frá fjósum þannig að hægt sé að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í vatn.


Frágangur lífræns úrgangs: Úttekt verði gerð á þeim stöðum innan sveitarfélagsins þar sem fugl kemst í æti til þess að finna út hvar úrbóta er þörf á frágangi mannvirkja. Gerðar verði ráðstafanir þannig að viðkomandi rekstraraðilar fari að lögum og reglum sem þetta varða.


19.2 Loftgæði og loftslagsbreytingar

Hreint loft: Loftmengun verði innan viðmiðunarmarka og losun gróðurhúsalofttegunda verði lágmörkuð eins og kostur er og binding þeirra aukin.

- Forðast skal að skerða eða raska svæðum sem þegar binda umtalsvert magn af koltvísýringi, s.s. votlendi og svæði þar sem svartjörð er að finna. Forðast skal að skerða birkiskóga og leitast skal við að endurheimta votlendi og náttúrulega birkiskóga þar sem því verður viðkomið.
- Skógrækt og landgræðsla í dreifbýli verði aukin sem tekur mið af stefnu um náttúru, landslag og minjar sbr. 21. kafla. Trjárækt í þéttbýli verði aukin m.a. til að auka upptöku mengunarefna frá akandi umferð, um leið og skjól er skapað og dregið er eru snjósöfnun.
- Ný íbúðarbyggð ótengd búskap verði fyrst og fremst í þéttbýli þannig að akstur milli staða og þar með útblástur koltvísýrings verði lágmarkaður. Skipulagi þéttbýlis verði hagað þannig að umhverfi hvetji til göngu frekar en aksturs, sbr. 22. kafla um skipulagsákvæði í þéttbýli.

Eftirlit með loftmengun: Reglulegar mælingar verði á loftmengun á völdum stöðum í sveitarfélaginu. Slík vöktun er nauðsynleg í tengslum við sorpbrennslu og einnig fyrirhugaða stóriðju. Svífryksmengun verði metin á völdum stöðum í tengslum við vaxandi bílaumferð.





Mikilvæg svæði vegna líffræðilegrar fjölbreytni

19.3 Verndun líffræðilegrar fjölbreytni

Lykilvistkerfi: Líffræðilegri fjölbreytni verði viðhaldið með því að vernda lykilvistkerfi Íslands eins og votlendi og birkiskóga og önnur mikilvæg búsvæði fugla.

- Þau svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegrar fjölbreytni og eru jafnframt talin verðmæt á svæðis-, lands- eða heimsvísu, eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði, sjá nánar kafla 23.18 um hverfisverndarsvæði. Fyrir þau gildir stefnan hér að neðan auk ákvæða fyrir verðmæt svæði á svæðis-, lands- eða heimsvísu, eftir því í hvern af þeim flokkum svæðið fellur (sjá kafla 21.1.3 -21.1.5).
- Á svæðum sem ekki eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði ber að fara eftir almennri stefnu sem sett er fram að neðan.

Votlendi: Forðast skal að raska votlendi og vatnasvæðum sem kostur er. Votlendi verði endurheimt þar sem því verður við komið, en það er einkum þar sem land hefur verið ræst fram, sbr. kort í kafla 19.4. Ef nauðsynlegt reynist að raska votlendum ber framkvæmdaraðila að endurheimta votlendi af sömu stærð.

Birkiskógar: Forðast skal að raska birkiskógi og unnið verði að endurheimt náttúrulegs birkiskógar þar sem unnt er.

- Við endurheimtina verði lögð áhersla á stór, samfelld svæði. Leitast verði við að nota íslenskt birki við skógrækt, a.m.k. við skógarjaðra.
- Sjá einnig stefnu um skóglendi Öxarfjarðar og Kelduhverfis í kafla 21.1.5 um verðmæt svæði á svæðisvísu og skipulagsákvæði fyrir hverfisverndarsvæði nr. Hv11 í kafla 23.18.

Fuglasvæði: Tekið verði sérstakt tillit til fuglasvæða við framkvæmdir í sveitarfélaginu þar sem fuglar eru mest einkennandi fyrir lífríki svæðisins.

- Ef reist verður stóriðja í Bakkamýri þarf að gæta þess sérstaklega að framkvæmdir skaði ekki lífsskilyrði fugla í Bakkafjöru. Til þess að vinna á móti skerðingu fuglaríks votlendis í mýrinni mun sveitarfélagið beita sér fyrir endurheimt votlendis annars staðar.

Minkur: Við varnir gegn mink innan sveitarfélagsins verður lögð sérstök áhersla á að verja lífrík votlendissvæði.

Viðbrögð við umhverfisslysum eða óhöppum þarf að undirbúa til að koma í veg fyrir afdrifarík áhrif. Sérstök áhersla skal lögð á Húsavíkurhöfn og brýr við Laxá og Mýrarkvísl.

19.4 Umgengni, umhirða og vistvænn lífsstíll


Ásýnd sveitarfélagsins verði snyrtileg.

- Ruslatunnum við gangstéttir og stíga í þéttbýli og á opnum svæðum verði fjölgað.
- Girðingar sem hættar eru að þjóna tilgangi sínum í dreifbýli verði fjarlægðar, t.d. sem samstarfsverkefni milli bænda og sveitarfélags.
- Ákvörðun verði tekin um framtíð ýmissa mannvirkja í sveitarfélaginu sem eru í lélegu ásigkomulagi, hvort þau skuli friða, byggja upp eða rífa. Framkvæmdir verði í samræmi við ákvarðanir.

Meindýravarnir: Notkun eiturs við meindýravarnir verði takmörkuð eins og kostur er og garðaeigendur fræddir um kosti og galla þess að nota eitur í gördum og þeim kynnt notkun lífrænna varna.

Lífshættir: Íbúar verði hvattir til að taka upp vistvænan lífsstíl.

- Hvatt verði til þátttöku í verkefninu „Vistvernd í verki“ sem er alþjóðlegt umhverfisverkefni fyrir heimili.



Ræktað land (grænt) og framræst land (brúnt) en það síðarnefnda sýnir hvar helst eru möguleikar til endurheimt votlenda

20 Sjálfbær auðlindanýting

Markmið

- 20.1 Góð gæði neysluvatns eru tryggð og staðinn er vörður um vatnsauðlindir sem nýta má í framtíðinni.
- 20.2 Fallvötn eru virkjuð með sjálfbærum hætti og lágmarksáhrifum á lífríki og landslag.
- 20.3 Jarðhiti er nýttur með sjálfbærum hætti og lágmarksáhrifum á lífríki og landslag.
- 20.4 Vel er staðið að vinnslu jarðefna.

20.1 Neysluvatn

Gæði: Neysluvatn sé hreint og ómengað, sbr. staðla í reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001.


- Landnotkun og mannvirkjagerð sé hagað þannig að vatnsból skaðist ekki.
- Vatnsverndarsvæði umhverfis vatnsból þéttbýlisstaðanna eru fest í aðalskipulaginu og gilda þar þær reglur sem settar eru í samþykkt um svæðin á grundvelli reglugerðar nr. 796/1999 m. s. br. um varnir gegn mengun vatns. Sjá einnig kafla 23, 24, 26 og 27 varðandi reglur sem gilda á vatnsverndarsvæðum í dreifbýli og þéttbýli.
- Eftirlit með ástandi neysluvatns skal eftt.

Framtíðarauðlindir: Komið skal í veg fyrir að ferskvatnsauðlindir sem gætu nýst í framtíðinni skaðist. Kannaðir verði möguleikar til að nýta þær auðlindir á sjálfbæran hátt til atvinnusköpunar. Eftirfarandi ferskvatnssuppsprettur njóti verndar og þess verði gætt að landnotkun og framkvæmdir á svæðum umhverfis þær rýri ekki gæði vatns og möguleika til framtíðarnýtingar. Unnið verði að því að skilgreina mörk verndarsvæða umhverfis uppspretturnar og sett verði tilheyrandi ákvæði í kjölfarið sem fest verði í aðalskipulagi, annað hvort með afmörkun vatnsverndarsvæða eða hverfisverndarsvæða.


- Reykjahverfi: Ferskvatnssuppsprettur í Skógaá, Þverá og Helgá.
- Nágrenni Húsavíkur: Ferskvatnssuppsprettur í Þorvaldsstaðaá, Bakkaá, Reyðarábotnum og mýrum við Kaldbak og Traðargerði.
- Kelduhverfi og Öxarfjörður: Lindasvæði á Þeistareykjasprungubeltinu (Fjöll-Nesgjá og Sultir-Lón); á Kröflusprungubeltinu (Holubjörg, Litlaá, Lyngás-Skjálftavatn, Skógar), á Fremrinámasprungubelti (Landsá, Vaðkotsá, Smjörhóll/Tungá, Brunná, Gilsbakkaá, Skeggjastaðaá, Þverá, Núpsmýri, Naustaá, Valþjófsstaðaá, Presthólahraun, Þúfugerðisá, Klapparós, Snartarstaðaá), lindasvæði við Hólmatungur í Fremrinámakerfi og lindasvæði við Hafragil í Öskjukerfinu.
- Melrakkaslétta: Blikalón og fjörurennsli í Straumfjöru.

Nýting grunnvatns: Komi fram tillögur að nýtingu vatns á ofangreindum svæðum fyrir byggð eða atvinnulíf þarf að gera grein fyrir áhrifum nýtingarinnar á umhverfi og samfélag og samræmi hennar við stefnu aðalskipulagsins um heilbrigð vistkerfi og náttúru, landslag og minjar, sbr. kafla 19 og 21, áður en ákvörðun um að heimila nýtinguna er tekin. Framkvæmdirnar geta eftir atvikum verið háðar lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

- Nýting grunnvatns á landbúnaðarsvæðum og frístundabyggðarsvæðum er heimil, án þess að vatnsból og vatnsverndarsvæði séu sérstaklega afmörkuð í aðalskipulagi, að því tilskyldu að nýtingin og mannvirki henni tengd séu minniháttar, hún stangist ekki á við stefnu aðalskipulagsins um náttúru, minjar og landslag, sbr. kafla 19 og 21, og neikvæð áhrif á umhverfi og samfélag eru óveruleg. Það getur t.d. átt við nýtingu fyrir nokkur frístundahús eða íbúðarhús. Ennfremur sé gerð grein fyrir nýtingunni í deiliskipulagi viðkomandi svæðis, sbr. t.d. vatnsból og vatnsveita í Ásbyrgi.
- Sé nýtingin og tengd mannvirki í tengslum við atvinnurekstur þarf að afmarka vatnsból og vatnsverndarsvæði umhverfis það og gera grein fyrir svæðunum og nýtingu vatnsins í aðalskipulagi.



Vatnsauðlindir í Norðurþingi og nýting þeirra



Vatnafar

20.2 Nýting fallvatna


Rannsóknir og orkuvinnsla: Stefnt er að könnun á möguleikum í virkjun fallvatna í sveitarfélaginu með sjálfbæra nýtingu til atvinnusköpunar í huga. Komi fram tillögur að rannsóknum og/eða nýtingu fallvatna þarf að gera grein fyrir áhrifum rannsóknanna/nýtingarinnar á umhverfi og samfélag og samræmi við stefnu aðalskipulagsins um heilbrigð vistkerfi og náttúru og landslag og minjar, sbr. kafla 19 og 21, áður en ákvörðun um að setja framkvæmdina í aðalskipulag verður tekin, sbr. einnig lög um umhverfismat áætlaða. Framkvæmdirnar valdi lágmarks álagi á náttúruna. Í öllum tilvikum skal fara með ákvörðunina sem breytingu á aðalskipulagi og afmarka iðnaðarsvæði þar sem rannsóknir og/eða orkuvinnsla er fyrirhuguð. Framkvæmdirnar geta eftir atvikum verið háðar lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Heimarafstöðvar og smávirkjanir: Íbúar í dreifbýli verði hvattir til að koma sér upp heimarafstöðvum að því gefnu að áhrif á náttúru og landslag verði lítil. Heimarafstöðvar og smávirkjanir sem eru minni að afli en 200 kW eru heimilar á landbúnaðarsvæðum, á grundvelli deiliskipulags og framkvæmdaleyfis, en stærri rafstöðvar kalla á afmörkun iðnaðarsvæðis í aðalskipulagi með tilheyrandi málsmeðferð.

Orkusparnaður: Íbúar verði fræddir um möguleika til orkusparnaðar og stofnanir sveitarfélagsins sýni gott fordæmi í þeim efnum.

20.3 Jarðhiti og jarðgas

Rannsóknir og orkuvinnsla: Stefnt er að frekari könnun á jarðhita og jarðgasi í sveitarfélaginu með sjálfbæra nýtingu til atvinnusköpunar í huga, s.s. til orkuframleiðslu, ræktunar eða annarrar atvinnustarfsemi. Komi fram tillögur um rannsóknir og/eða nýtingu jarðhita eða jarðgass fyrir byggð eða atvinnulíf þarf að gera grein fyrir áhrifum nýtingarinnar á umhverfi og samfélag og samræmi hennar við stefnu aðalskipulagsins um heilbrigð vistkerfi og náttúru, landslag og minjar, sbr. kafla 19 og 21, áður en ákvörðun um að setja framkvæmdina í aðalskipulag verður tekin, sbr. einnig lög um umhverfismat áætlana. Í öllum tilvikum skal fara með ákvörðunina sem breytingu á aðalskipulagi og afmarka iðnaðarsvæði þar sem rannsóknir og/eða orkuvinnsla er fyrirhuguð. Framkvæmdirnar geta eftir atvikum verið háðar lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.



Einfaldað jarðfræðikort sem sýnir dreifingu jarðhita. (Byggt á korti í skýrslu Hrefnu Kristmannsdóttur 2008, sem er einfölduð útgáfa af korti Axels Björnssonar o.fl. 1990)

20.4 Jarðefni

Efnisnám: Efnistaka og -vinnsla valdi lágmarks neikvæðum áhrifum á náttúru, landslag, minjar, og útivistarsvæði. Efnisnámur skulu skynsamlega nýttar í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Málsmeðferð: Öll efnistaka og vinnsla fari fram með skipulegum hætti í samræmi við leyfi þar um.

- Efnistaka getur farið fram á svæðum sem skilgreind eru sem efnistökusvæði í aðalskipulaginu (sjá kafla 23.14 um efnistökusvæði í dreifbýli, kafla 24.3.13 um efnistökusvæði við Húsavík og kafla 27.2.13 á Raufarhöfn). Efnistaka á öðrum svæðum kallar á breytingu á aðalskipulagi, nema um sé að ræða sé minniháttar efnistöku eiganda eða umráðamanns eignarlands til eigin nota á svæði sem ekki fellur undir 37. gr. laga um náttúruvernd, sbr. kafla 21.1.1 um og 23.16 um skipulagsákvæði fyrir náttúruverndarsvæði í dreifbýli.
- Á hverju svæði má taka efni af allt að 25.000 m² svæði eða allt að 50.000 m³ nema annað sé tilgreint í skipulagsákvæði fyrir viðkomandi svæði. Efnistaka umfram þau mörk er tilkynningarskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og kallar á breytingu á aðalskipulagi.
- Öll efnistaka (nema minniháttar efnistaka landeiganda til eigin nota) er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og skal liggja fyrir áætlun um efnistöku þegar framkvæmdaleyfi er gefið út, sbr. ákvæði náttúruverndarlaga. Einnig þarf framkvæmdaaðila að óska eftir leyfi annarra aðila eftir atvikum, þ.m.t. starfsleyfi. Umsögn heilbrigðiseftirlits þarf vegna efnistöku innan vatnsverndarsvæða. Norðurlingur veitir framkvæmdaleyfi til efnistöku og annast eftirlit með framfylgd þeirra í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga.
- Í umsókn um framkvæmdaleyfi til efnistöku skal ávallt gera grein fyrir allri efnistöku (flatarmáli og rúmmáli) sem til greina kemur af hálfu umsækjanda á viðkomandi svæði til næstu tveggja ára hið skemmsta.
- Efnistökuframkvæmdir eru eftir atvikum matsskyldar eða tilkynningarskyldar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, háð stærð svæða og umfangi efnistöku. Málsmeðferð skv. framangreindum lögum þarf að fara fram áður en hægt er að veita framkvæmdaleyfi. Í aðalskipulagi þessu er gengið út frá að mat á stærð og umfangi efnistöku framkvæmda í því tilliti miði við stærð svæðis og umfang efnistöku eins og hún er á hverju tíma skilgreind í framkvæmdaleyfisumsókn um a.m.k. tveggja ára efnistökuframkvæmd.
- Almennt er ekki gert ráð fyrir að efnistaka kalli á gerð deiliskipulags, heldur sé unnt að gera fullnægjandi grein fyrir efnistökuframkvæmdum í framkvæmdaleyfisgögnum á grundvelli aðalskipulags. Skipulags- og bygginganefnd skal kynna umsóknir um



framkvæmdaleyfi til efnistöku úr árfarvegum og sjó fyrir forsvarsaðilum aðliggjandi landa og veiðifélagi viðkomandi ár ef hún telur að þeir hafi hagsmuna að gæta varðandi framkvæmdirnar. Slíkar framkvæmdir skulu jafnframt kynntar lax- og silungsveiðisviði Fiskistofu en leyfi hennar þarf fyrir slíkri efnistöku. Hafa skal samráð við Landgræðslu ríkisins vegna efnistöku í ám og vötnum ef hætta er á landbroti. Leyfi Orkustofnunar þarf vegna efnistöku úr sjó utan netlaga.

- Í framkvæmdaleyfisumsókn vegna efnistöku skal gera grein fyrir stærð og staðsetningu efnistökusvæðis og aðkomu að því og hvað til greina kemur að taka mikið efni á svæðinu horft til a.m.k. tveggja ára. Jafnframt skal greina frá landslagi og gróðri á svæðinu og hvernig fyrirhugað er að standa að framkvæmdum (s.s. um lagersvæði efnis) og frágangi (s.s. landmótun og sáningu) á meðan á vinnslu stendur og eftir að vinnslu lýkur. Við upphaf efnistöku skal ganga frá gróðri og efsta hluta jarðvegs námasvæðis á þann hátt að auðvelt verði að jafna honum aftur yfir efnistökusvæði. Að loknum vinnslutíma skal ganga snyrtilega frá efnistökusvæði þannig að sem best falli að umhverfi.



Skarðaborg, Reykjahverfi

21 Fjölbreytt landslag í dreifbýli

Markmið

- 21.1 Fjölbreytni og einkennum landslags er viðhaldið og verðmæt svæði njóta verndar.
- 21.2 Virðing er borin fyrir þeim menningararfi sem felst í fornleifum, búsetulandslagi og byggingum og mannvirkjagerð fellur vel að landslagi .
- 21.3 Aðstæður fyrir hefðbundin landbúnað eru góðar.
- 21.4 Skógrækt tekur mið af náttúrfari og einkennum landslags.
- 21.5 Land er grætt upp þar sem þörf er á.

21.1 Fjölbreytni landslags og verðmæt svæði

Fjölbreytni landslags: Gæta skal þess að sú mikla fjölbreytni sem einkennir form og ásýnd landslags í Norðurþingi viðhaldist.



Svæði háð 37. gr. laga um náttúruvernd: Forðast verði að raska svæðum sem falla undir lagagreinina, sjá nánar kafla 21.1.1.

Víðerni: Forðast skal að raska ósnortnum víðernum, sjá nánar kafla 21.1.2.


Verðmæt svæði á svæðis-, lands- eða heimsvísu: Svæði sem hafa sérstakt verðmæti á heims-, lands- eða svæðisvísu skulu njóta verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þeirra skaðist ekki og að áfram sé hægt að upplifa fegurð þeirra og fjölbreytni. Nánari stefna fyrir þessi svæði er sett fram í köflum 21.1.3, 21.1.4 og 21.1.5 og í kafla 23.18 um hverfisverndarsvæði.

Aðgengi almennings: Tryggt verði gott aðgengi fyrir alla til helstu verðmætra svæða og stígar verði lagðir og leiðir merktar í samvinnu við landeigendur og aðra hagsmunahópa.

Fræðsla: Stuðlað verði að kynningu og fræðslu um verðmæti landslags og náttúru sveitarfélagsins og á möguleikum til útivistar og eflingar ferðaþjónustu.



Landslagsheildir í Norðurþingi



21.1.1 Verðmæt vistkerfi og landslagsgerðir


Í samræmi við 37. grein laga um náttúruvernd skal forðast að raska eftirtöldum vistkerfum og landslagsgerðum, sjá kortið hér til hliðar:

- Eldvörp, gervíggar og eldhraun.
- Stöðuvötn og tjarnir, 1000 m² að stærð eða stærri.
- Mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri.
- Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri.
- Sjávarfitjar og leirur.


Öll ræktun útlendra tegunda er óheimil á þessum svæðum, sbr. 10. gr. reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.

21.1.2 Víðerni

Forðast skal að raska ósnortnum víðernum í Norðurþingi með því að reisa þar mannvirki eða annars gæta þess að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun. Ósnortin víðerni eru hér skilgreind sem landsvæði þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags vegna mannglegra umsvifa. Landsvæðið er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, s.s. raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum og er a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu. Þessi skilgreining er í samræmi við orðskýringu á heimasíðu Umhverfisstofnunar.



Ósnortin víðerni



21.1.3 Svæði sem eru verðmæt á heimsvísu

Verðmæt svæði á heimsvísu: Svæði sem hafa sérstakt verðmæti á heimsvísu skulu njóta verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þeirra skaðist ekki og að áfram sé hægt að upplifa fegurð þeirra og fjölbreytni.

- Mannvirkjagerð verði haldið utan þessara svæða, þ.m.t. nýir slóðar. Við strönd Melrakkaslétta eru þó heimil hús í tengslum við hefðbundna nýtingu og stök frístundahús. Þau skal staðsetja og útfæra með sérstöku tilliti til einkenna landslagsins og þannig að þau skaði ekki náttúru- og menningarminjar.
- Skógrækt og efnistaka er óheimil, svo og gróðursetning innfluttra tegunda.
- Merking leiða eru heimil að því tilskyldu að það skaði ekki náttúru, landslag og minjar.
- Bílastæði og stígagerð er óheimil nema unnt sé að sýna fram á að framkvæmdir muni skaða náttúru og landslag óverulega.
- Sjá einnig kafla 23.18 um hverfisverndarsvæði Hv4, Hv5, Hv8 og Hv14.


Svæði	Forsendur flokkunar sem verðmæt svæði
Norðurströnd Melrakkaslétta	Nyrsti hluti Melrakkaslétta, lágland strönd með lónum og sjávarfritjum, vötn innaf. Rauðinúpur 70 m hár, eldstöð frá ísöld með sérstökum rauðum klettamyndunum. Mikið fuglalíf, menningar- og fornminjar.
Skjálftavatn	Skjálftavatn, einstök tilurð og vel skráð.
Víkingavatn	Einstaklega fjölbreytt fuglalíf og sjaldgæfar fuglategundir.
Brotabelti Gjástykkis	Sprungusveimur og misgengi sem nær frá Gjástykki og norður á aura Jökulsá á Fjöllum. Mjög áberandi í heiðum Kelduhverfis. Mikið af sprungum mynduðum í Kröflueldum 1975-1984.
Laxá	Neðsti hluti Laxár bæði í vel grónu landi og á melgresissandflákum út við sjó. Hluti af verndarsvæði Mývatns og Laxár.
Jökulsárgljúfur	Jökulsárgljúfur Ásbyrgi og hamfaraflóðfarvegur ofan Ásbyrgis. Einstök náttúrusmíð og mikilvægt búsvæði. Hluti svæðisins er friðlýstur innan Vatnajökulsþjóðgarðs annarsvegar og náttúruvættisins Dettifoss, Selfoss, Hafragilsfoss og nágrenni hinsvegar.

21.1.4 Svæði sem eru verðmæt á landsvísu


Verðmæt svæði á landsvísu: Svæði sem hafa sérstakt verðmæti á landsvísu skulu njóta verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þeirra skaðist ekki og að áfram sé hægt að upplifa fegurð þeirra og fjölbreytni.

- Leitast skal við að vernda þær fornleifar og það búsetulandslag sem eyðibýli í Kelduhverfi hafa skilið eftir sig. Þannig skal tryggt að garðar sem einkenna búsetulandslagið skemmist ekki.
- Þess skal gætt að nýbyggingar falli vel að landslagi. Leitast skal við að leyfa gróðri að hafa náttúrulega framvindu en landeigendum er heimilt að stunda skógrækt sem tekur tillit til fornleifa, fellur vel að landslagi og samræmist almennri stefnu um skógrækt í kafla 21.3, stefnu um heilbrigð vistkerfi í 19. kafla og stefnu um menningarlandslag og menningarmínjar í kafla 21.2. Efnistaka skal einungis heimil á efnistökusvæðum sem skilgreind eru í þessu aðalskipulagi.
- Öskjureininni og Kröflueldahrauni skal ekki raska og þar er öll mannvirkjagerð óheimil að frátöldu því svæði sem skipulagt er sem orkuvinnslusvæði í Gjástykki í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025. Það svæði er sunnan landamerkjja Norðurþings en umdeilt hvort það tilheyrir Skútustaðahreppi eða Þingeyjarsveit.
- Sjá einnig kafla 23.18 um hverfisverndarsvæði Hv6 og Hv9.

Svæði	Forsendur flokkunar í verðmæt svæði
Kelduhverfi, búsetulandslag	Ein best varðveitta eyðibýlabyggð í landinu, þar sem jarðvinnsla hefur ekki raskað minjum. Einnig vel gróin og stórbýfð heiðarlönd með fjalldrapa og birki, en rýrara syðst.
Kröflueldahraun	Nyrsti hluti kolsvarts, nær gróðurlauss hrauns frá Kröflueldum 1975-1984.
Öskjureinin gossprungu	Gígaröð er nær frá Dettifossi og út á Melrakasléttu, syðri hlutinn mun greinilegri, með gígum, gervígum og misgengjum í fjölbreyttu landslagi. Hluti er friðlýstur innan Vatnajökulsþjóðgarðs og náttúruvættisins Dettifoss, Selfoss, Hafragilsfoss og nágrenni.



Verðmæt svæði á landsvísu



21.1.5 Svæði sem eru verðmæt á svæðisvísu

Verðmæt sæði á svæðisvísu: Svæði sem hafa sérstakt verðmæti á svæðisvísu skulu njóta verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þeirra skaðist ekki og að áfram sé hægt að upplifa feðurð þeirra og fjölbreytni.

- Svæðunum verði haldið eins óroskuðum og unnt er og náttúrulegri framvindu leyft að ráða en heimilt er að rækta til að stöðva uppblástur. Ekki er gert ráð fyrir skógrækt og efnistöku á þessum svæðum.
- Frístundabyggð í skóglendi Öxarfjarðar verði hagað þannig að hún skerði náttúrulegan birkiskóg sem minnst.
- Sjá einnig kafla 23.18 um hverfisverndarsvæði Hv10, Hv11, Hv12, Hv13, Hv15 og Hv16.


Svæði	Forsendur flokkunar í verðmæt svæði
Vatnasvæði Sléttu	Vötn og votlendi á stórum hluta Melrakkasléttu, votlendi rík af lífrænum jarðvegi.
Blikalónsdalur	Sigdalur er nær frá norðurströnd Melrakkasléttu og 20 km inn í landið.
Leirhafnarfjöll	Lítt gróin móbergshryggur þar sem m.a. eru nyrstu skógarleifar á Íslandi
Snartarstaðanúpur strandsvæði	Sérkennilegar klettamyndanir og fuglabjörg vestan í Snartarstaðanúpi.
Röndin á Kópaskeri	Jökulmenjar frá framrásarskeiði jökla Kópaskersskeiðinu í lok ísaldar
Skóglendi Öxarfjarðar og Kelduverfis	Eitt stærsta samfellda birkiskóglendi á Íslandi, nær allt frá Núpi og suður fyrir Hólmatungur, bæði austan og vestan Jökulsár sunnan Ássands. Reynir er nokkuð algengur í birkiskóginum sértaklega nálægt gljúfrunum. Hluti svæðisins er friðlýstur innan Vatnajökulsþjóðgarðs.
Bakkahöfði og fjara	Sérstakar klettamyndanir, lífríkar fjörur og sker.

21.2 Menningarlandslag og menningarminjar


Fornleifar og gamalt búsetulandslag: Forðast skal að raska þeim menningararfi sem felst í fornleifum og gömlu verðmætu búsetulandslagi.

- Samkvæmt þjóðminjalögum er óheimilt að raska hylja eða breyta fornleifum á nokkurn hátt nema með leiði Fornleifaverndar ríkisins. Til fornleifa teljast allar helstu mannvirkjaleifar og mannaverk sem eru 100 ára og eldri. Skylt er að skrá fornleifar áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.
- Lokið verði við skráningu fornleifa í öllu sveitarfélaginu en þar til henni er lokið verði fornleifar skráðar við deiliskipulagsgerð eða á framkvæmdastigi. Fornleifaskýrslur hafa verið unnar fyrir Reykjahverfi, Húsavík og Kelduhverfi og afmörkuð svæði tengd einstökum framkvæmdum eins og vegaðgerð, sjá heimildaskrá og kafla 23.17 í aðalskipulagsgreinargerð). Eftir er að skrá aðra hluta sveitarfélagsins.
- Mörkuð verði nánari stefna um verndun einstakra fornleifa í samráði við sérfræðinga á sviði fornleifa.
- Við deiliskipulagsgerð og áætlanagerð um skógrækt skal skoða fyrirliggjandi upplýsingar um skráðar fornleifar og eyðibýli og meta áhrif skipulags og framkvæmda á þær minjar. Í kafla 23.17 eru tilgreindar þær minjar sem í fornleifaskýrslum eru taldar hafa varðveislu-, kynningar- og/eða rannsóknargildi og hjá sveitarfélaginu eru fánleg kortagögn yfir minjarnar. Leita skal áhlits sérfróðra á verndargildi þeirra minja sem kunna að verða fyrir áhrifum og taka tillit til þeirra við skipulagsgerðina og/eða skógræktina eftir því sem matið gefur tilefni til.


Mannvirkjagerð almennt: Öll ný mannvirki skulu taka tillit til einkenna og ásýndar þeirrar landslagsheildar sem þau verða hluti af, sbr. kafla 21.1 um landslagsheildir. Leitast skal við að fella byggingar og vegi vel að landi og vanda allan umhverfisfrágang.




Þéttleiki fornminja í Kelduhverfi




Býli sem búið er á 2009



Eyðibýli 2009



Birkiskógur í Öxarfirði flæðir niður ávalar hlíðar og ýtir þannig undir einkennandi form.



Birkiskógur við Ásbyrgi og skógræktarsvæði á sandinum. Vandasamt getur verið að rækta skóg á flötu landi svo hún falli vel að landslagi.

21.3 Skógrækt

Meginmarkmið skógræktar: Skógrækt miði einkum að því að græða land, hefta sandfok, bæta landgæði, binda kolefni, mynda skjól og bæta útivistaraðstöðu. Timburskógrækt er þó einnig heimil.

Undirbúningur skógræktar: Norðurþing hvetur þá sem hyggjast fara út í skógrækt að afla gagna sem til eru hjá Norðurþingi um einkenni náttúrufars, landslags og minja á viðkomandi svæði. Þau gögn geta auðveldað áætlanagerð um skógræktina og stuðlað að því að hún falli sem best að náttúrufari, landslagi og minjum., sbr. 33. gr. laga um náttúruvernd og stefnu í köflum 19, 20 og 21.

Málsmeðferð við skógrækt: Öll skógrækt skal vera í samræmi við stefnu sem kemur fram í þessum kafla og öðrum viðeigandi köflum þessa aðalskipulags, sbr. ákvæði 27. gr. skipulags- og byggingarlaga. Til þess að það verði og Norðurþing geti sinnt hlutverki sínu um samræmi skógræktar við skipulagsáætlanir skulu öll áform um skógrækt tilkynnt skipulags- og byggingarnefnd Norðurþings sem veitir umsögn um hvort þau séu í samræmi við stefnu aðalskipulagsins. Við áætlanagerð um skógrækt skal gæta að eftirfarandi atriðum til að tryggja samræmi við stefnu aðalskipulagsins:

- Markmiðum skógræktar, t.d. hvort um sé að ræða nytjaskógrækt, skógrækt til kolefnisbindingar eða eitthvað annað, sbr. t.d. flokka skógræktar á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands eða leiðbeiningar Norðurlandsskóga.
- Fyrirliggjandi upplýsingum um skráðar fornleifar og eyðibýli og áhrif skógræktar á þær minjar. Í kafla 23.17 eru tilgreindar þær minjar sem í fornleifaskýrslum eru taldar hafa varðveislu-, kynningar- og/eða rannsóknargildi og hjá sveitarfélaginu eru fánleg kortagögn yfir minjarnar. Leita skal álits sérfróðra á verndargildi þeirra minja sem kunna að verða fyrir áhrifum og taka tillit til þeirra við skipulagsgerðina og/eða skógræktina eftir því sem matið gefur tilefni til.
- Hugsanlegum áhrifum skógræktarinnar á líffræðilega fjölbreytni, landslag, gróður, þ.m.t. berja- og grasalönd, landnotkun, vatnafar, veðurfar, dýralíf og jarðveg, m.v. fyrirliggjandi upplýsingar, s.s. þær upplýsingar sem eru í þessu aðalskipulagi og fánlegar eru hjá Norðurþingi. Einnig samræmi skógræktarinnar
- Áhrifum skógræktarinnar og fullvaxins skógar á landslag og ásýnd, sérstaklega m.t.t. nálægðar við verðmæt svæði.
- Nauðsynlegum tengdum framkvæmdum s.s. vegagerð, girðingar, skurðir, áveitur eða önnur mannvirki, og áhrifum þeirra.

Svæði þar sem skógrækt er takmörkuð:

- Við skógrækt á heiðum Kelduhverfis skal tryggt að garðar sem einkenna búsetulandslagið skemmist ekki.

- Miða skal að því að vernda þau svæði sem eru sérstaklega verðmæt landbúnaðarsvæði, s.s. þau sem eru vel fallin til búvöruframleiðslu, sbr. ákvæði jarðalaga. Til þeirra teljast svæði sem eru auðræktanleg, s.s. fyrir tún eða korn. Leitast skal við að beina skógrækt annað eftir því sem kostur er. Ef taka á þessi svæði undir annað en landbúnað þarf að gera grein fyrir áhrifum á landbúnaðarframleiðslu eða hvar hægt er að rækta eða beita í staðinn áður en ákvörðun um breytta landnotkun er tekin.
- Öll ræktun útlendra tegunda er óheimil á friðlýstum svæðum, landslagsgerðum sem njóta sérstakra verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og alls staðar ofan 500 m hæðar yfir sjó, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.
- Trjám sé ekki plantað innan helgunarsvæðis háspennulína og þess sé gætt að plönturnar sái sér ekki innan þess. Miða skal við að fjarlægðin sé hæð fullvaxinna trjáa frá línunni margfölduð með 1,5. Aðgengi meðfram línunni til viðhalds og eftirlits verði tryggt.
- Skógrækt skal ekki fara fram nær friðlýstum fornminjum en 20 m, sbr. ákvæði þjóðminjalaga um friðhelgað svæði umhverfis þær. Miða skal við a.m.k. 10 m fjarlægð frá öðrum fornleifum. Gott aðgengi almennings að merkjum minjum verði tryggt. Sjá einnig stefnu í kafla 21.2. um menningarminjar og menningarlandslag.

Skógarhönnun: Við hönnun skógræktarsvæða skal kappkosta að þau falli eins vel að landi og unnt er.

- Leggja ber aukna áherslu á gróðursetningu innlendra trjategunda.
- Lögun skógarins sé í samræmi við landlínur og ríkjandi form í landslaginu. Þannig séu skógræktin teygð upp eftir lægðum og giljum en dregin niður fyrir ása og hryggi eða leitast sé að skapa líkt mynstur og í náttúrulegri gróðurþekju landsins. Forðast skal að planta í beinar línur þvert á hæðarlínur.
- Forðast skal einsleitni og mikla andstöðu við opið landslag með því að milda skil við skógarjaðra með notkun á lágvaxnari tegundum og óreglulegri gróðursetningu þar sem mismunandi trjategundir eru látnar skarast og blandast.
- Stærð skógarteiga sé í eðlilegu samræmi við umhverfið. Hlíð sem er skógi vaxin að 2/3 hlutum en að þriðjungi beitoland, eða öfugt, virkar í eðlilegum hlutföllum og er þægilegri ásýndar en væri skipt til helminga.
- Forðast skal að planta í mýrlendi og þess skal gætt að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða, sbr. einnig 19. kafla.
- Ekki skal hindra aðgengi almennings að göngu- og reiðleiðum og ekki skal hindra för með ströndum og bökkum vatnsfalla og stöðuvatna. Gömlum þjóðleiðum skal haldið opnum.
- Forðast skal að rækta skóg í góðu berjalandi, sbr. stefnu í kafla 8.6.
- Skógrækt umhverfis þéttbýli fari einkum fram á röskuðu landi (s.s. túnum), brekkum, hæðóttu eða vangrónu landi og ekki verði plantað í votlendi, sbr. stefnu í 22. kafla.



Birkikjarr í Öxarfirði

21.4 Landgræðsla

Meginmarkmið landgræðslustarfsins: Landgræðsla miði að því að stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu og sand- og vikurfok, fyrirbyggja frekari eyðingu og landsþjöll og byggja upp gróður og jarðveg í samræmi við gróðurskilyrði og landnýtingarþörf og til mótvægis við losun gróðurhúsalofttegunda.

Áherslur við landgræðslu: Við uppgræðslu lands skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum, sbr. 33. gr. laga um náttúruvernd. Áhersla verði aukin á notkun íslenskra gróðurtegunda við landgræðslu og lögð áhersla á að styrkja innlenda gróður og þar með endurheimt náttúrulegra vistkerfa. Gætt verði að því að ágengar tegundir kaffæri ekki íslenskan gróður. Sérstaklega þarf að gæta þess að framandi ágengar tegundir berist ekki inn í Vatnajökulsþjóðgarð og valdi skaða á fjölbreyttu gróðurfari hans. Norðurþing mun beita sér fyrir að unnar verði landgræðsluáætlanir fyrir hvert svæði þar sem gerð verður grein fyrir markmiðum og áherslum landgræðslu á viðkomandi svæði.

Öll ræktun útlendra tegunda er óheimil á landslagsgerðum sem njóta sérstakra verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og alls staðar ofan 500 m hæðar yfir sjó, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.

Landbrot: Fyrirhleðslur eru heimilar þar sem þörf er vegna landbrots. Í umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir varnarvirkjum vegna landbrots og flóða verði gerð grein fyrir samræmi framkvæmdarinnar við stefnu aðalskipulagsins í köflum 19. - 21. kafla.

Grjótháls og Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum: Landið sé áfram friðað fyrir beit og unnið verði að stöðvun rofs og uppgræðslu í samvinnu við Vatnajökulsþjóðgarð.

Kelduhverfi/Öxarfjörður: Unnið verði áfram að heftingu sandfoks við sjó og meðfram Jökulsá á Fjöllum.


Hólsfjöll: Svæðið sé áfram friðað fyrir búfjarbeit unnið verði að stöðvun hraðfara jarðvegsrofs á svæðinu.

Landgræðslustarf bænda: Unnið verði að því að koma á beitarstjórn og hvatt til uppgræðslu bænda í heimalöndum, s.s. á Öxarfjarðarheiði, á grundvelli áætlunar þar um.

Landgræðslustarf félagasamtaka og íbúa: Íbúar og félagasamtök verði hvött til að taka flag í fóstur samkvæmt áætlun þar um. Skipulögð verða svæði til uppgræðslu þar sem íbúar geta losað garðaúrgang.



Á Hólasandi árið 2004 (heimild: www.land.is, Sád í sandinn)



Landgræðslusvæði í Norðurþingi

22 Vandað skipulag og sterk bæjarmynd í þéttbýli

Markmið

- 22.1 Þéttbýli eru gönguvæn og aðlaðandi með skýrt afmörkuðum og áhugaverðum miðbæ.
- 22.2 Bæjarmynd þéttbýlanna lýsir virðingu fyrir náttúru og menningararfi.
- 22.3 Útivistarsvæði innan þéttbýlis og í grennd þess eru fjölbreytt og aðgengileg.

22.1 Gönguvæn og aðlaðandi byggð

Almenningsrými: Leitast verði við að skapa skýrt afmörkuð, skjólsæl og aðlaðandi götu- og torgrymi sem hvetja til göngu milli staða og samveru á helstu áningarstöðum.

- Gróður í göturýmum og á torgsvæðum verði aukinn.
- Stórum og smáum listaverkum verði komið fyrir á helstu áningarstöðum eða þar sem þau geta myndað ný kennileiti eða áhugaverð sjónarhorn.

Umferðarleiðir: Gatnakerfi og stígakerfi verði öruggt og þjóni vel bæði akandi, hjólandi og gangandi vegfarendum.

- Götur séu almennt samtengdar fremur en botnlangar til að umferð dreifist á nokkrar leiðir fremur en að safnast saman á fáar.
- Hraðatakmarkandi útfærslum verði beitt þar sem þörf er á.
- Stíganet verði þétttriðið, vel lýst og greiðfært þannig að sem flestir gangi eða hjóli í sínum daglegu ferðum.

Miðbæir: Miðbæir verði greinilegir og áhugaverðir.

- Verslun og þjónustu verði beint á miðsvæði eftir því sem unnt er.
- Eitt aðalsamkomutorg verði í hverjum bæ og gerðir verði skjólsælir og aðlaðandi áningarstaðir þar sem hægt er að setjast niður.
- Í miðbæjum verði sérstaklega vandað til verka við hönnun mannvirkja og val á efnum í byggingar og yfirborð gatna og annarra almenningsrýma.
- Á Húsavík gildir að öðru leiti stefna og skipulagsrammi í 25. kafla.

22.4 Virðing fyrir náttúru og menningararfi

Menningararfur: Lesa megi sögu bæjanna í Norðurþingi út frá byggingum, öðrum mannvirkjum og búsetuminjum.

- Við útfærslu skipulags og mótnun umhverfis verði haldið í tengsl búsetu við sjóinn og sveitirnar, s.s. með varðveislu bygginga og annarra mannvirkja sem bera vitni um sambúð manns og náttúru.
- Samhliða vinnslu deiliskipulags í þegar byggðu hverfi skal gerð bæja- og húsakönnun og hún höfð til hliðsjónar við skipulagsgerðina.
- Stuðlað verði að varðveislu eldri húsa, götumynda og annarra mannvirkja sem hafa sögulegt, menningarlegt og/eða byggingarlistrænt gildi og þjóna sem fulltrúar síns tíma.
- Við endurgerð gamalla húsa verði leitast við að færa þau í sem upprunalegast horf.

- Gömul hús verði ekki rifin nema þau séu í ónothæfu ástandi, ekki sé unnt að gera þau upp og fyrir liggja áform um nýbyggingu sem komi í staðinn. Þannig sé komið í veg fyrir að sögulegt samhengi byggðarinnar skaðist og/eða að til verði eyður sem ekki er byggt í.

Náttúrusýn: Öll skipulagsvinna og mannvirkjagerð taki mið af náttúrufari og landslagseinkennum.

- Sjónlínur til helstu kennileita og fallegs útsýnis verði varðveittar og styrktar.
- Leitast verði við að nota gróður og náttúruleg efni úr héraðinu við umhverfismótun í almenningsrýmum og á opnum svæðum.
- Skógrækt umhverfis þéttbýli fari einkum fram á röskuðu landi (s.s. túnum), brekkum, hæðóttu eða vangrónu landi. Ekki skal planta í votlendi.

22.5 Fjölbreytt og aðgengileg útivistarsvæði

Vefur opinna svæða: Opin svæði innan þéttbýlis skulu samtengd með grænum geirum, stígum eða gróðri í götum þannig að þau myndi eina samhangandi heild. Góðar tengingar skulu einnig vera við útivistarsvæði umhverfis þéttbýli og tryggja skal aðgengi að fjöru sem víðast. Svæðin skulu bjóða upp á fjölbreytta möguleika til hreyfingar eða slökunar.

Stígar: Stíganet skal liggja um opin svæði innan þéttbýlis og í grennd við þéttbýli.

Áningarstaðir og æfingatæki: Koma skal fyrir bekkjum, borðum, leiktækjum og æfingatækjum á völdum stöðum á opnum svæðum, t.d. þar sem skjól er gott eða njóta má útsýnis.

Íþróttasvæði: Búið skal vel að íþróttasvæðum þannig að þar sé hægt að stunda margvíslegar íþróttir.



Raufarhöfn



Kópasker



Húsavík